



# Hin örþunna lína milli vinnu og heimilis

Atvinnuþátttaka að loknu fæðingarorlofi  
Samhæfing ólíkra þátta

Drífa Sveinbjörnsdóttir  
Karen Kjartansdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs  
Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# **Hin örþunna lína milli vinnu og heimilis**

## ***Atvinnuþátttaka að loknu fæðingarorlofi Samhæfing ólíkra þátta***

Drífa Sveinbjörnsdóttir  
Karen Kjartansdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Inga Guðrún Kristjánsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní, 2014

Hin örþunna lína milli vinnu og heimilis  
Atvinnuþátttaka að loknu fæðingarorlofi. Samhæfing ólíkra þátta

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í uppeldis- og menntunarfræði við uppeldis- og menntunarfræðideild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Drífa Sveinbjörnsdóttir, Karen Kjartansdóttir, 2014  
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala Kennaranema  
Reykjavík, 2014

## Ágrip

Þrátt fyrir háa fæðingartíðni á Íslandi, liggur fyrir sú staðreynd að íslensk stjórnvöld leggja minna fé til velferðarmála en nágrannaþjóðir okkar, þá einkum og sér í lagi til málefna er varða börn og fjölskyldur þeirra. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er hluti af, skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn þeirra foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna. Ólíkt Norðurlöndunum hafa íslenskir foreldrar engan rétt til dagvistar barna sinna eftir að lögbundnu fæðingarorlofi þeirra lýkur, þrátt fyrir að íslenskir foreldrar séu með lengri vinnuviku og hærri atvinnupátttöku en gerist hjá nágrannaþjóðum. Markmiðið með verkefninu er að kynnast upplifun og reynslu mæðra af fæðingarorlofi og umönnun barna sinna ásamt því að fá innsýn í reynslu þeirra af því að brúa bilið sem skapast frá lokum fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna þeirra. Framkvæmd var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við sex mæður sem áttu það sameiginlegt að vera á atvinnumarkaði og eiga ung börn. Niðurstöðurnar eru þær að mæðrunum finnst erfitt að brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna þeirra. Þær vilja val þegar kemur að ráðstöfun fæðingarorlofs og dagvistunarúrræðum. Allar mæðurnar töldu að ungbarnaleikskólar myndu fyrst og fremst þjóna hagsmunum foreldra en ekki barna.

## Efnisyfirlit

<b>ÁGRIP</b> .....	<b>3</b>
<b>FORMÁLI</b> .....	<b>7</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>8</b>
<b>2 Í ÁTT AÐ JAFNRÉTTI, MENNTUN OG ATVINNUÞÁTTTÖKU KVENNA</b> .....	<b>10</b>
2.1 JAFNRÉTTI.....	10
2.2 MENNTUN KVENNA.....	11
2.3 ATVINNUÞÁTTTAKA KVENNA .....	12
<b>3 TOGSTREITA MILLI FJÖLSKYLDULÍFS OG ATVINNU</b> .....	<b>14</b>
<b>4 HAGSMUNIR MÆÐRA OG BARNA AÐ LOKNU FÆÐINGARORLOFI</b> .....	<b>16</b>
4.1 HAGSMUNIR MÆÐRA.....	16
4.2 HAGSMUNIR BARNA .....	17
<b>5 ÞRÓUN DAGVISTUNARÚRRÆÐA</b> .....	<b>21</b>
5.1 SAGA DAGVISTUNARÚRRÆÐA Á ÍSLANDI.....	21
5.2 VANGAVELTUR UM DAGVISTUNARÚRRÆÐI.....	22
<b>6 AÐFERÐ</b> .....	<b>27</b>
6.1 MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR .....	27
6.2 RANNSÓKNARAÐFERÐ.....	27
6.3 VAL Á VIÐMÆLENDUM .....	29
6.4 VIÐMÆLENDUR Í RANNSÓKN .....	29
6.5 FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR .....	31
6.6 GREINING GAGNA .....	31
6.7 SIÐFERÐILEGIR ÞÆTTIR .....	32
<b>7 NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>34</b>
7.1 FÆÐINGARORLOF OG SAMVINNA VIÐ MAKNA .....	34
7.2 KERFIÐ OG DAGVISTUN .....	37
7.3 SAMRÆMI MILLI ATVINNU OG FJÖLSKYLDULÍFS .....	42
<b>8 NIÐURLAG</b> .....	<b>49</b>
8.1 SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM RANNSÓKNAR .....	49
8.2 UMRÆÐUR .....	50
8.3 LÆRDÓMAR .....	53
8.4 LOKAORD .....	54

HEIMILDASKRÁ.....	55
MYNDASKRÁ .....	6

## Myndaskrá

Mynd 1: Hlutfall nemenda í Háskóla Íslands 1979-2013 eftir kyni .....	12
---	----



## Formáli

Þessi ritgerð ber heitið Hin örþunna lína milli vinnu og heimilis – Atvinnuþátttaka að loknu fæðingarorlofi. Samhæfing ólíkra þátta og er 14 ECTS eininga verkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Við viljum koma á framfæri þakklæti til þeirra sem studdu við bakið á okkur í skrifunum og gáfu okkur gagnrýnar en jafnframt gagnlegar ábendingar varðandi skrifin. Einnig viljum við þakka leiðbeinanda okkar, Ingu Guðrúnu Kristjánsdóttur, fyrir að hafa trú á okkur, jákvæða uppörvun, hagnýtar ábendingar og skjót svör við öllum þeim fyrirspurnum sem við bárum undir hana. Fagmennska, ný hugmyndafræði og brennandi áhugi Ingu Guðrúnar á verkum nemenda sinna varð til þess að úr varð málstofa. Samstaða varð innan hópsins og vináttubönd mynduðust. Við höfðum bæði gagn og gaman af málstofunni og hefur hún styrkt verk okkar til muna. Að lokum viljum við þakka öllum viðmælendum okkar fyrir að gefa sér tíma til að tjá sig af einlægni um mikilvægt málefni innan þjóðfélagsins, án þeirra hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur siðareglur Háskóla Íslands (2003) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálfar ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, 6. maí 2014

---

## 1 Inngangur

Fæðingartíðni hérlandis er sú hæsta á Norðurlöndunum, þrátt fyrir þá staðreynd að íslensk stjórnvöld leggja minna fé til velferðamála en aðrar nágrannaríkjadir, þá einkum og sér í lagi, til málefna er varða börn og fjölskyldur þeirra. Þegar að er gáð eru útgjöld íslenska ríkisins á hvert barn frá 55% - 78% af útgjöldum nágrannalanda til sama málefnis (Guðný Björk Eydal, 2000; Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2003).

Með auknu jafnrétti, menntun og atvinnuþátttöku kvenna hefur umræðan í íslensku þjóðfélagi beinst að auknum dagvistarúrræðum fyrir börn en ólíkt foreldrum á Norðurlöndunum hafa íslenskir foreldrar engan rétt til dagvistunar barna sinna eftir að lögbundnu níu mánaða fæðingarorlofi þeirra líkur. Það má því segja að þetta brjóti í bága við 18. grein, þá helst annan og þriðja tölulið, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1992 en fékk endanlega lögfestingu snemma árs 2013. Þar segir: „Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á.” (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Guðný Björk Eydal, 2000; Lög um fæðingarorlof nr. 95/2000). Lög má túlka á mismunandi hátt en ætla má að núverandi kerfi hefti foreldra við að komast aftur út á vinnumarkað eftir fæðingarorlof. Til að koma til móts við þarfir nútímans varðandi dagvistarúrræði var þann 22. desember 2012, samþykkt með lögum (nr.143/2012) að lengja rétt foreldra til fæðingarorlofs frá níu mánuðum upp í tólf mánuði. Alþingi samþykkti ári síðar, 2013, þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri grænna um að meta kosti þess að bjóða upp á leikskólavist strax að loknu fæðingarorlofi. Þörfin fyrir dagvistunarúrræði er talsverð hér á landi en íslenskir foreldrar eiga hæsta hlutfall barna 3-5 ára á leikskólum frá 1990-2012 miðað við önnur Norðurlönd en dagvistunarstofnunum fjölgaði um tæplega hundrað á árunum 1994-2000 (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2003; Klaus Munch Haagensen, 2013).

Í þessu verki verður stuttlega farið yfir sögu jafnréttisbaráttunnar á Íslandi, menntun og atvinnuþátttöku kvenna, þróun dagvistunarúrræða og skörun hagsmuna foreldra og barna á dagvistun. Einnig verða kynntar niðurstöður eigindlegrar rannsóknar sem höfundar framkvæmdu um upplifun og reynslu mæðra á vinnumarkaði frá lokum fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna þeirra. Í lok verks verða niðurstöður, umræður og lærdómar dregið saman.

Markmið rannsóknarinnar var að kynnast upplifun og reynslu mæðra af fæðingarorlofi og umönnun barna sinna. Jafnframt að fá innsýn inn í reynslu þeirra á því að brúa bilið sem skapast milli loka fæðingarorlofs og að lögbundnum leikskólaaldri barna. Leitað var svara við tvíþættri rannsóknarspurningu: *Hver er upplifun og reynsla mæðra af fæðingarorlofi og foreldrahlutverkinu? Hvernig reyndist viðmælendum að brúa bilið á milli loka fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna sinna?*

## 2 Í átt að jafnrétti, menntun og atvinnuþátttöku kvenna

Árið 1975 hleyptu Sameinuðu þjóðirnar af stað umbótum til að bæta stöðu kvenna í heiminum. Ísland var þar engin undantekning enda hluti af Sameinuðu þjóðunum frá árinu 1946. (Jónína Margrét Guðnadóttir, 1985). Í þessum kafla verður farið yfir, í stuttu máli, baráttu kvenna fyrir auknu jafnrétti er varðar fæðingarorlof. Að auki verður menntun og atvinnuþátttöku kvenna gerð skil.

### 2.1 Jafnrétti


Áratugurinn 1975-1985 er oft kallaður kvennaáratugurinn, en á þeim árum háðu konur báráttu fyrir bættri stöðu sinni á öllum sviðum samfélagsins. Setning jafnréttis laga má ætla að hafi verið stærsti sigur íslenskra kvenna á þessum áratugi. Lögin voru þingfest árið 1976 og samþykkt ári síðar. Lögin hafa nokkrum sinnum verið betrumbætt af fenginni reynslu og vitaskuld hefur vaxandi skilningur hlotist á hagsmunum félagslegrar þjónustu er stuðlar að jafnrétti kynjanna. Í því samhengi má nefna lög um fæðingarorlof en þau fyrstu voru sett árið 1946. Samkvæmt breytingum á fæðingarorlofslögum (nr. 97/1980) á foreldri, af báðum kynjum rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, hvort sem viðkomandi hefur verið heimavinnandi eða á vinnumarkaði. Á þessu voru þó hömlur, faðir átti aðeins rétt á fæðingarorlofi í stað móður ef hún fór fram á það og mátti það einungis nema einum mánuði, þeim síðasta. Í dag hefur allmikið þokast í jafnréttisbaráttunni þegar litið er til laga um fæðingarorlof. Í lögum um foreldra- og fæðingarorlof (nr. 95/2000) er kveðið á um að móðir eigi rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi sem og faðir. Til viðbótar er foreldrum gefnir þrjú mánuðir sem annar aðili getur tekið í heild eða þeir geta skipt að eigin vild. Foreldrar á atvinnumarkaði fá 80% af heildartekjum sínum til framfærslu meðan á fæðingarorlofi stendur en eftir efnahagshrunið hér á landi árið 2008 var hámarksþak sett á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði, 300 þúsund krónur á hvert foreldri. Í áttundu grein laganna (nr. 95/2000) segir: „Móðir skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns“. Móður ber skylda til að taka fæðingarorlof. Auðveldlega væri hægt að breyta orðanotkun svo hún stingi ekki í stúf við jafnrétti kynjanna en í samningi Sameinuðu þjóðanna er aðildarríkjum gert að afnema alla mismunun gagnvart

konum. Þrátt fyrir að konur sæti ennþá kynbundinni mismunun með einhverjum hætti í samfélaginu, þá kemur fram í skýrslu Alþjóðaeftahagsráðsins (e. *World Economic Forum*) frá árinu 2013 að jafnrétti kynjanna mælist hvergi hærra í veröldinni en hérlendis og hefur Ísland verið á toppnum síðustu fimm ár (Elín Pálsdóttir Flygenring, 1985; Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005; Jónína Margrét Guðnadóttir, 1985; Velferðarráðuneytið, 2013).

## 2.2 Menntun kvenna

Þrátt fyrir að menntun sé í dag talin sjálfsögð mannréttindi, hafa íslenskar konur þurft að berjast fyrir þeim rétti. Það má því með sanni segja að Bríet Bjarnhéðinsdóttir hafi hitt naglann á höfuðið í fyrirlestri um hagi og réttindi kvenna árið 1887 en hún hélt því fram að menntun væri konum nauðsynleg, að menntun væri lykillinn að öllum réttindum og til að konur væru metnar til jafns við karla þyrfti hugsunarháttur að breytast (Fríða Björk Pálsdóttir, 1985). Íslendingar voru eftirbátar annarra þjóða hvað menntun kvenna varðar, sem rekja má til þess hve seint iðnvæðingin hófst hérlendis. Árið 1907 var lögfest að öll börn, af báðum kynjum, 10-14 ára væru skyldug til að stunda nám. Æðri skólastig voru aðeins ætluð körlum til ársins 1911 en þá var lögum breytt, konur fengu sama rétt og karlar til að ljúka fullnaðarprófi frá öllum menntastofnunum á landinu. Ísland varð fyrsta landið til að veita konum sama lagalega rétt til náms og embætta og körlum (Fríða Björk Pálsdóttir, 1985).

Í könnun sem Jafnréttisnefnd Reykavíkur lét gera á árunum 1980-1981 kom í ljós að á árunum 1976-1981 varð aukning nemenda við Háskóla Íslands 28% og þar á meðal var 47% aukning kvenna í Háskólanum. Súluritið hér að neðan sýnir vel þessa þróun.



**Mynd 1: Hlutfall nemenda í Háskóla Íslands 1979-2013 eftir kyni**

Myndin hér að ofan sýnir að konur eru meirihluti námsmanna við Háskóla Íslands. Þó segja þessar tölur ekki allt, því að margt bendir til þess að konur og karlar velji sér mismunandi leiðir til menntunar sem sprottið er út frá kvenlægum og karllægum ímyndum samfélagsins (Fríða Björk Pálsdóttir, 1985; Lena Rut Birgisdóttir, 2011; Háskóli Íslands, e.d.). Menntun hefur gildi, bæði fyrir konur og karla. Menntun hefur áhrif á velferð einstaklings og sjálfsmynd hans, ennfremur hefur menntun áhrif á aukna starfsmöguleika kvenna (Fríða Björk Pálsdóttir, 1985).

### 2.3 Atvinnuþátttaka kvenna

Konur líta öðrum augum á hlutverk sitt í lífinu en karlar. Þá staðreynd má rekja til uppeldis kynjanna. Hér áður fyrr helguðu konur sig störfum innan veggja heimilisins og þótti það óeðlilegt að kona ynni utan heimilis. Í dag er það undantekning að konur séu heimavinnandi en ætla má að með aukinni menntun sækir konur í auknum mæli á vinnumarkaðinn, þrátt fyrir að launamunur sé á milli kynjanna. Á kvennaáratugnum jókst atvinnuþátttaka kvenna utan heimilis talsvert. Árið 1963 var atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi 43,9% en árið 1983 stóð talan í 69,3%. Þessa tölur sýna að 25,4% aukning hafi orðið á atvinnuþátttöku kvenna á tuttugu ára tímabili. Í dag eru 80% íslenskra kvenna á vinnumarkaði (Guðný Björk Eydal, 2000; Guðrún Guðmundsdóttir, 1985; Hagstofa Íslands, 2013; OECD, 2011). Á þessari stundu er atvinnuþátttaka foreldra á Íslandi með hæsta móti og vinnuvikan lengri en gengur og gerist hjá nágrannaþjóðum. Í rannsókn Kolbeins Stefánssonar (2008) kemur fram að tekjuþörf heimilisins ræður miklu um lengd vinnuviku.

Þrátt fyrir að konur hafi sótt í sig veðrið á vinnumarkaði þá sinna þær enn ólaunaðri vinnu innan veggja heimilisins og í mun meira mæli en karlar. Ætla má að jöfn staða karla og kvenna á vinnumarkaði náist ekki nema með jafnri stöðu þeirra á heimilinu. Að konur sinni störfum innan heimilis er rótgróinn hugsunarháttur innan menningar okkar en ójöfn staða kynjanna til heimilisverka og umönnun barna getur hamlað þátttöku kvenna á opinberum vettvangi. Efnahagskreppur og niðurskurður ríkisvaldsins getur haft hamlandi áhrif á þátttöku kvenna á atvinnumarkaði en í óstöðugu atvinnuástandi er tilhneiging til að ýta undir rótgrónar hugmyndir um hlutverk kynjanna (Guðrún Guðmundsdóttir, 1985; Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir, 2011).

Jafnrétti á sér margar birtingamyndir. Ætla má, að jafnrétti hafi keðjuverkandi áhrif, jafnrétti í einum málaflokki eykur líkur á jafnrétti í öðrum. Aukið jafnrétti kvenna til menntunar má ætla að hafi áhrif á vaxandi atvinnuþátttöku þeirra. Þegar tveir veigamiklir þættir, aukin menntun og atvinnuþátttaka kvenna, koma saman þá er verið að hrófla við rótgrónum gildum og viðmiðum samfélagsins. Það veldur því að breytingar eiga sér stað, til að mynda þróun sem varðar lög um jafnrétti til töku á fæðingarorlofi. Breytingar á ýmsum lögum hafa valdið breyttri stöðu kvenna innan heimilis.

### 3 Togstreita milli fjölskyldulífs og atvinnu

Þegar samfélagsins berjast fyrir síauknu jafnrétti kvenna og karla sem birtist meðal annars í aukinni atvinnuþátttöku kvenna sem og aukinni þátttöku karla í heimilisstörfum. Þessi samhæfing ólíkra þátta og vitundarvakning í þjóðfélaginu veldur því að jafnvægi þarf að vera á milli atvinnu og fjölskyldulífs.

Togstreita er hugtak sem birtist með mismunandi hætti. Hér verður togstreita skilgreind sem spenna eða árekstrar milli hlutverka sem er komin til vegna ósamræmis eða þrýstings milli atvinnu- og fjölskyldulífs (Auður Arna Arnardóttir, Leifur Geir Hafsteinsson og Sturla Jóhann Hreinsson, 2007; Leaptrott og McDonald, e.d.). Togstreita getur virkað í báðar áttir, vinna getur valdið togstreitu í fjölskyldulífi og fjölskyldulíf getur valdið togstreitu í vinnu. Fræðimenn hafa sýnt fram á að togstreita milli fjölskyldu- og atvinnulífs getur haft þrjár birtingarmyndir: Þegar vinna og fjölskylda gera kröfur á einstaklinga á sama tíma, þegar spenna breytist í togstreitu þegar álag í einu hlutverki gerir það að verkum að ekki sé hægt að uppfylla kröfur eða væntingar í öðru hlutverki og loks þegar hegðun sem er krafist í einu hlutverki er ekki í samræmi við hegðun sem krafist er af öðru hlutverki. Togstreita milli ólíkra hlutverka er oft óhjákvæmileg en ekki óyffirstíganleg (Auður Arna Arnardóttir, Leifur Geir Hafsteinsson og Sturla Jóhann Hreinsson, 2007). Rannsóknir, bæði innlendar og erlendar, sýna fram á að mikil togstreita milli atvinnu- og fjölskyldulífs hefur neikvæð áhrif á starfsánægju, ánægju innan fjölskyldunnar og almenna lífsánægju, en rannsókn Auðar Arnardóttur, Leifs Hafsteinssonar og Sturlu Hreinssonar (2007) sýndi fram á að togstreitu milli atvinnu og fjölskyldulífs gæti frekar hjá körlum en konum. Konum gekk betur að samtvinna þessa tvo þætti og álykta rannsakendur sem svo að starfsval þeirra ýti undir þá staðreynd, þar sem konur eru líklegri til sækjast í störf sem eru lík störfum heimilisins. Það er þó ekki þar með sagt að konurnar fyndu ekki fyrir togstreitu milli þessara tveggja mikilvægu þátta, togstreitan birtist á annan hátt en hjá körlum og getur verið mjög dulin.

Í rannsókn Kolbeins H. Stefánssonar (2008) kemur fram að Íslendingar telja ekki að samspil heimilis og vinnu sé streituvaldandi. Þrátt fyrir það þá virðast árekstrar milli atvinnu- og fjölskyldulífs vera algengari hér á landi en víða annars staðar. Staðreyndin er



sú að á Íslandi þrengir vinnan meira að heimilunum heldur en öfugt sem getur haft þau áhrif að afkastageta fólks minnkar og getur það dregið úr lífsgæðum fólks.

Eitt af helstu baráttumálum Alþýðusambands Íslands er að stuðla að jafnvægi milli atvinnu og fjölskyldulífs og telja þeirra sérfræðingar, þar á meðal Marianna Traustadóttir (2013) að „óvissa um dagvistun ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur getur haft áhrif á gæði fjölskyldulífs“. Hugsanlega veldur óvissa ákveðinni togstreitu hjá foreldrum þegar þeir halda aftur út á vinnumarkað eftir að fæðingarorlofi líkur ef þeir eru ekki komnir með traustan vistunarkost fyrir börn sín.

Rannsóknnum á þessu sviði er ábótavant en með samþættingu vinnu og fjölskylduábyrgð (e. *reconciling work and family responsibilities*) er markvisst verið að draga úr eða jafnvel eyða þeirri togstreitu sem getur skapast á milli atvinnu- og fjölskylduábyrgðar (Hein, 2005). Árið 1997 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þar segir að „...skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna“ (Þingskjal nr. 1230/1997). Samþykkt var að koma á stofn svokölluðu fjölskylduráði en hlutverk þess er meðal annars að efla og vernda fjölskylduna. Fyrsta verkefni fjölskylduráðs var árið 2001, þegar ákveðið var að hvert og eitt sveitarfélag sæi alfarið um mótun sinnar fjölskyldustefnu. Í könnun ráðsins á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar kom í ljós að aðeins ein sveitarstjórn hafði mótað fjölskyldustefnu í sínu sveitarfélagi, en alls tóku 82 sveitarfélög þátt í könnuninni. Þegar spurt var hvaða atriði gætu bætt stöðu barnafjölskyldna voru skólamál efst á baugi (Félagsmálaráðuneytið, 2001).

Oft getur reynst erfitt að komast hjá togstreitu milli tveggja mikilvægra þátta, atvinnu- og fjölskyldulífs. Konur hafa þá tilhneigingu til að sækja í störf sem líkjast störfum heimilis, því má álykta að togstreita sem þær finni fyrir milli vinnu og fjölskyldulífs sé falin. Togstreita er þó yfirstíganleg, með samvinnu milli kerfisins og foreldra væri mögulega hægt að draga úr, jafnvel eyða, óparfa togstreitu, líkt og skapast milli loka fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna.

## 4 Hagsmunir mæðra og barna að loknu fæðingarorlofi

Í fyrstu virðist hugmynd Vinstri grænna um stofnun ungbarnaleikskóla vera farsæl leið til að brúa bilið frá fæðingarorlofi að lögbundnum leikskólaaldri. Þegar farið er út í slíkar framkvæmdir þarf að hafa hag bæði mæðra og barna að leiðarljósi en spurning er hvort að hagsmunir þeirra fari alltaf saman. Hér á eftir verða gerð skil á hagsmunum mæðra og barna þegar kemur að þessu tiltekna hagsmunamáli.

### 4.1 Hagsmunir mæðra

Baráttan um bættu stöðu kvenna á vinnumarkaði er enn hitamál í samfélaginu. Konur fara út af vinnumarkaði í mislangan tíma eftir barneignir en þær eru líklegri en feður til að taka lengra fæðingarorlof. Tölur frá Fæðingarorlofssjóði sýna að feður hafa dregið úr nýtingu sinni og rétti til fæðingarorlofs vegnar skerðingar á heildartekjum. Þessi þróun getur stangast á við markmið fæðingar- og foreldraorlofslaga (nr. 95/2000) en þau eiga að tryggja barni samvistir við báða foreldra og þeim er einnig ætlað að gera báðum foreldrum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf (Vinnumálastofnun, 2010). Ondrich, Spiess, Yang og Wagner (2003) sýndu fram á að eftir því sem mæður voru lengur heima með börn sín í fæðingarorlofi voru þær ólíklegri til að snúa aftur til vinnu.

Aðrar rannsóknir, þar á meðal rannsókn Ernu Kristínar Ernudóttur (2013), hafa sýnt að konur sem snúa aftur til vinnu að loknu fæðingarorlofi upplifa mikla byrði. Samband milli vinnu og heimilis geti orðið íþyngjandi og því beiti þær sig þrýstingi, þar sem þær vilja gera vel á báðum stöðum. Aukinn þrýstingur getur mögulega leitt til aukinnar togstreitu. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi félagslegs stuðnings á slíkum tímum, stuðnings sem veittur er viðkomandi til að aðlagast breyttum aðstæðum en einnig til að hjálpa viðkomandi að sinna starfi sínu. Með því að veita félagslegan stuðning er verið að efla trú einstaklingsins á eigin getu (e. *self efficacy*) en sú trú getur birst í hæfni viðkomandi til að halda stöðugleika milli atvinnu og fjölskyldulífs. Eftir því sem félagslegur stuðningur er meiri þeim mun ólíklegri er að konur verði fyrir félagslegri eingangrun sem getur leitt til þunglyndis. Samskipti kvenna við samstarfsmenn eru því mikilvæg (Erna Kristín Ernudóttir, 2013). Þegar kemur að vinnumarkaði geta réttindi, líkt og fæðingarorlof

sem tryggja konum talsverðan tíma frá vinnu, valdið því að vinnuveitendur takmarki þau störf sem konur geta unnið, því þeir telja að fjarvera þeirra geti orðið kostnaðarsöm, það fer þó eftir stöðu þeirra innan fyrirtækis (Ruhm, 1998). Rúmlega 10% þátttakenda í rannsókn Bryndísar Jónsdóttur (2007) óttuðust um starfsöryggi sitt vegna töku á fæðingarorlofi, konur voru þar í meirihluta en þær töldu að fæðingarorlof hafi meiri áhrif á atvinnuþátttöku þeirra en karla. Vísbendingar gefa til kynna að menntun, starfsheiti, sérhæfing í starfi og staðgengill kvenna sé ógnun þegar þær hverfa af vinnumarkaði og fara í fæðingarorlof. Í rúmum helmingi tilfella kemur nýr starfskraftur inn í starf kvenna sem fara í tímabundið fæðingarorlof en þegar karlar fara í fæðingarorlof skipta samstarfsmenn með sér verkum en í aðeins 13% tilfella kemur nýr starfsmaður í þeirra starf. Kyn yfirmanns virðist skipta máli varðandi hvernig konur háttta fæðingarorlofi sínu. Ef kona var yfirmaður var líklegra að mæður tækju lengra og óslitið fæðingarorlof. Ef yfirmaður var karlkyns var líklegra að mæður tækju styttra og slitrótt orlof og ynnu frekar heima (Bryndís Jónsdóttir, 2007).

Staðreyndirnar sem raktar hafa verið að ofan sýna glögglega að konur eiga erfitt uppráttar þegar þær fara aftur út á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi. Lögum samkvæmt skal tryggja börnum foreldra á vinnumarkaði, dagvistunarpláss svo foreldrar geti samræmt vinnu- og fjölskyldulíf (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Lög um fæðingar- og foreldraorlof 95/2000). Allflestir foreldrar telja leikskóla betri menntunarkost fyrir börn sín og velja þann kost frekar en vist hjá dagforeldrum eða ættingjum (Arna H. Jónsdóttir o.fl., 2013).

## **4.2 Hagsmunir barna**

Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992) segir að foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns beri að gera það sem börnum er fyrir bestu. Þar segir jafnframt að tryggja eigi velferð þeirra með bestu umönnun og öryggi sem kostur er. Það á bæði við um opinberar stofnanir og einkaaðila þegar ráðstafanir sem varða börn eru gerðar. Hugsanlega geta dagvistarúrræði strax að loknu fæðingarorlofi haft meiri áhrif á börn heldur en foreldra og með því er vegið að hagsmunum barna.

Niðurstöður rannsóknar Örnú H. Jónsdóttur (2012) sýndu að ýmislegt sem snýr að hagsmunum barna þurfi að breytast. Sérstaklega þótti dvalartími barna í leikskólum vera

langur og of stórir hópar inni á hverri deild. Niðurstöðurnar bentu til að langur dvalartími barna á leikskólum hlýti að hafa slæm áhrif á tengsl foreldra og barna auk þess að geta valdið álagi og streitu. Fleiri rannsóknir sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum hafa sýnt fram á sömu niðurstöður (Arna H. Jónsdóttir o.fl., 2013).

Vandell, Belsky, Burchinal, Steinberg og Vandergift (2010) telja að niðurstöður ýmissa rannsókna geti stutt það að áhrif leikskólavistar fyrir ung börn geti bæði haft góðar og slæmar afleiðingar í för með sér. Annars vegar hefur verið sýnt fram á að geta til náms og félagslegur og vitsmunalegur þroski geti aukist með dvöl í góðum leikskóla. Hins vegar hafa aðrar niðurstöður sýnt að langur vistunartími ungra barna á leikskóla geti haft neikvæð áhrif á félags- og tilfinningaþroska, ásamt því að geta leitt af sér hegðunarerfiðleika. Einnig fundu Vandell og félagar (2010) fylgni á milli langrar viðveru barna á leikskóla og áhættuhegðunar þegar komið var á unglingsaldur. Rannsóknir sem hafa sýnt fram á sambærilegar niðurstöður hafa flestar verið gerðar í Bandaríkjunum þar sem fæðingarorlof er þrjú mánuðir sem foreldrar þurfa að taka launalaust. Þessum niðurstöðum skal því tekið með fyrirvara og hafa í huga að hæpið er að yfirfæra þær gagnrýnislaust yfir á íslenskar aðstæður.

Þess skal getið að rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar á Norðurlöndunum sýna ekki fram á sömu niðurstöður, að löng dvöl barna á leikskóla hafi neikvæð áhrif á tilfinninga- og félagsþroska þeirra. Niðurstöður Bolin (2005) sýndu fram á að leikskóladvöl ungra barna hefði jákvæð áhrif á félagsfærni þeirra þegar þau voru um átta ára gömul. Aðrar rannsóknir styðja við þær niðurstöður. Rannsóknir Ahnert og Lamb (2011) hafa sýnt fram á að færni sem ung börn læra í leikskólum geti haft góð áhrif á þau síðar meir. Félagsleg hæfni barna og geta þeirra til náms á seinni skólastigum og síðar á lífsleiðinni ættu hvoru tveggja að aukast. Til þess að þetta gangi upp, þarf að huga að því að barnafjöldi á hverri deild sé hæfilega mikill, starfsfólkið vel menntað og með góð laun auk þess sem virðing þarf að vera borin fyrir störfum þeirra.

Nefna má fleiri þætti leikskólavistar sem hafa neikvæð áhrif á ung börn. Þar má meðal annars nefna kortisólmagn hjá börnum. Kortisól er streituhormón sem allir hafa, því meira sem kortisólmagnið er í líkamanum því meiri streita er til staðar. Mælingar sem voru gerðar í Þýskalandi á fimmtán mánaða gömlum börnum sem voru að hefja leikskólagöngu sína, sýndu að magn kortisóls fyrsta klukkutímann eftir að foreldri yfirgaf

barn sitt var 75 - 100% hærra en þegar barnið var heima. Fimm mánuðum síðar sýndu mælingar að kortisólmagn barnanna var ennþá mun hærra þegar þau voru í leikskólanum heldur en þegar þau voru heima hjá sér. Þá kom einnig í ljós að magn hormónsins var mun lægra hjá þeim börnum, í aðlögun á leikskóla, sem höfðu myndað örugg tengsl við foreldra sína, en hjá þeim börnum sem höfðu ekki náð að mynda örugg tengsl við foreldra sína (Ahnert, Gunnar, Lamb og Bathel, 2004).

Óhjákvæmilegt er að líta til margra þátta þegar skoða á hvaða áhrif leikskóladvöl hefur á ung börn. Tengslamyndun barns við foreldra skiptir máli, staða foreldra í þjóðfélaginu auk félagslegrar stöðu, áhrif vinnuálags á fjölskyldulíf og gæði leikskóla barnsins (Arna H. Jónsdóttir o.fl., 2013).

Fræðimenn, sér í lagi sálfræðingar, hafa haft áhyggjur af langri viðveru barna á fyrsta ári sem þau dveljast utan heimilis í umsjá annarra aðila en foreldra. Á þessu aldurs skeiði eru börnin viðkvæm og því þarf að gera kröfur til þeirra sem sjá um þau daglangt að meðaltali fimm daga í viku. Geðtengsl barna þróast í fyrstu með náinni samveru, yfirleitt við móður. Móðir sinnir helstu grunnþörfum þess með umhyggju, ástúð og mat. Þá sýnir barnið vellíðan og þegar móðir sér það vekur það upp hjá henni ánægju. Þessi tengsl verða til þess að móðir og barn verða háð hvort öðru og sterk tilfinningabönd myndast. Þegar barn er um sjö til átta mánaða gamalt fer það að sýna hræðslu gagnvart ókunnugu fólki, þessi hræðsla gefur til kynna hversu vel barnið hefur náð að mynda geðtengsl við þá sem standa því næst. Aðskilnaður sex mánaða barns við foreldra sína og þau nánustu getur valdið barninu vanlíðan og leitt til ótta við að sjá foreldra sína ekki aftur. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort geðtengslamyndun geti skaðast ef fleiri koma að umönnun barna. Samkvæmt niðurstöðum er ekki hægt að álykta svo að geðtengslamyndun skaðist sé þörfum barns sinnt eftir bestu getu. Því skiptir miklu máli að sá sem annast barnið sé traustur og góður. Þá hefur verið sýnt fram á að það sem hefur hvað mestu áhrifin á geðtengslin séu gæði þeirra stunda sem barn ver með foreldrum sínum (Guðrún Friðgeirsdóttir, 1996).

Á fyrstu árum barna er ónæmiskerfi þeirra ekki fullþroskað og þar af leiðandi mótar það ekki ónæmi gegn ýmsum veirum. Líkur á asmatilfellum sem og öðrum sýkingum eins og eyrnabólgu eru því talsverðar. Einnig er talið að líkur séu á því að veirusýkingar í börnum valdi bólgusvörun og verði að asma í stað þess að ónæmiskerfi

þeirra losi líkama þeirra við veiruna. Stórt hlutfall barna í hverjum árgangi þjáðist af asma samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var af Birni Árdal, lækni á barnadeild Landspítalans og fleirum. Björn greindi frá því að líklega væri ekki heppilegt að börn væru innan um önnur börn á fyrstu mánuðum ævinnar eins og gerist þegar barn byrjar hjá dagforeldri eða á leikskóla. (Dagvistun barna getur aukið tíðni asmatilfella, 1996, 13. apríl).

Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að börn sem byrja á leikskóla eða í dagvistun fyrir þriggja ára aldur séu líklegri en önnur börn að smitast af bogfrymli. Bogfrymli er lifrabólguveira sem getur borist milli manna með fæðu og saur og hefur áhrif á ónæmiskerfið. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu sterka tengingu við smit frá jarðveginum þar sem börn fara reglulega út að leika og eiga í samskiptum við önnur börn á svipuðum aldri. Smit getur einnig borist með munnvatni, til dæmis þegar börn setja upp í sig sama leikfangið (Alda Birgisdóttir o.fl., 2006).

Rannsókn Ruhm (2000) sýndi fram á að ef foreldrar voru heima með börn sín fyrsta árið eða lengur, voru meiri líkur á að það skilaði sér í bættri heilsu barna. Að vera lengur með barn heima ætti að skila sér til foreldranna síðar vegna minni veikinda eftir að barnið kemst af ungbarnaaldrinum.

Eins og sést fá fræðimenn fjölbreyttar niðurstöður um áhrif dagvistunar á ung börn. Hagsmuni barna þarf að gæta víða, bæði að andlegum og líkamlegum þáttum þeirra. Dagvistun ungbarna hefur kosti og galla líkt og lengd fæðingarorlofs hjá mæðrum. Hvort sem útkoma fræðimanna um áhrif leikskóladvalar á ung börn er góð eða slæm, þá ber að gæta samræmis milli laga og framkvæmda. Foreldrar eru aðal umönnunaraðilar barna sinna og aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna ber að gefa þeim byr undir báða vængi.

## 5 Þróun dagvistunarúrræða

Dagvistunarkerfið á Íslandi á sér rúmlega aldar gamla sögu. Eftirspurn eftir dagvistun fyrir börn má rekja til aukningar kvenna á vinnumarkaði. Kerfið hefur tekið stakkaskiptum í gegnum árin. Í dag stendur dagvistunarkerfið á tímamótum þar sem ákall er til breytinga milli fæðingarorlofs og að lögbundnum leikskólaaldri barna. Hér verður farið yfir sögu dagvistunarúrræða á Íslandi sem og farið verður yfir ýmsar vangaveltur um dagvistunarmál barna.

### 5.1 Saga dagvistunarúrræða á Íslandi

Fyrsta skrefið að daggæslu fyrir börn var tekið árið 1894 þegar Bríet Bjarnhéðinsdóttir, fyrsta konan til að bjóða sig fram til Alþingis, kynnti hugmyndir um að uppeldisstofnun yrði komið á fót þar sem smábörn gætu verið í daggæslu. Upp frá því fóru að koma ýmsar hugmyndir um slíkar stofnanir sem síðar voru framkvæmdar. Þar má meðal annars nefna barnaheimilið Karitas sem var fyrir 3-18 mánaða gömul börn. Það voru konur í Reykjavík sem stóðu að stofnun þess árið 1906, en það starfaði í nokkur ár. Árið 1946 komu fram fyrstu hugmyndir um að starfsfólk á uppeldisstofnunum skyldi vera menntað. Það var Barnavinafélagið Sumargjöf sem kom með þá hugmynd. Sama ár var Uppeldisskóli Sumargjafar stofnaður, sem síðar varð að Fóstruskóla Sumargjafar, þar sem mennta átti starfsmenn leikskóla. Námið tók tvö ár, en kennt var níu mánuði hvort ár. Upp frá því eða árið 1973 voru samþykkt lög um Fóstruskólann, þar sem námið var skilgreint sem þriggja ára nám (Jón Torfi Jónasson, 2006). Fyrstu lög um dagvistun fyrir börn voru sett sama ár. Þau lög náðu einnig yfir byggingu og rekstur dagvistarheimila. Með lögnum átti að tryggja að byggðar yrðu fleiri dagvistarstofnanir til að mæta þessari síauknu þörf. Það gekk þó ekki eftir og líkur voru á að ekki væri hægt að fylgja eftir tíu ára áætlun Reykjavíkurborgar, sem sneri að uppbyggingu dagvistarþjónustu. Fram kemur í lögum frá árinu 1976 hver tilgangur dagvistunar er. Þar segir að búa eigi börnum uppeldisskilyrði með það að markmiði að efla persónulegan og félagslegan þroska og það skuli vera gert af uppeldismenntuðu starfsfólki (Erla Þórðardóttir, 1985).

Þegar fram liðu stundir hafði slíkum heimilum fjölgað ört, ómögulegt var að manna allar stöður með sérmenntuðu fólki. Því tóku foreldrar sig saman árið 1985 og stofnuðu

samtök foreldra sem áttu að vinna að því að reyna að fá fleira sérmenntað fólk í störf og draga úr tíðum starfsmannabreytingum. Þær kröfur voru settar að helmingur starfsfólks á hverju dagvistarheimili skyldi vera uppeldismenntað. Það skilyrði var ekki hægt að uppfylla en vegna lágra launa var erfitt að fá menntað starfsfólk í þessi störf. Uppsagnir fóstura voru býsna margar árið 1984 og þar kemur skýrt fram að ástæður uppsagna tengdust launakjörum (Erla Þórðardóttir, 1985).

Tímamót urðu, lög um hlutdeild ríkisins varðandi byggingu og rekstur, uppeldisáætlanir og fleira voru tekin í gildi. Ríkið tók við rekstri Fóstruskólans árið 1973 en námið var fært á háskólastig árið 1998. Eftir því sem á leið fóru dagvistunarmál að þróast, en fyrsta Aðalnámskrá leikskóla var gefin út árið 1999.

Börn á leikskólaaldri flokkuðust ekki sem skólaskyld börn og því vildi ríkið ekki taka á sig skyldur tengdar leikskólum. Það var í höndum foreldra að þrýsta á sveitarfélögin svo öllum börnum yrði tryggð leikskólavist. Aftur á móti hefur ekki verið sami þrýstingur frá foreldrum að tryggð væri að þar ynni menntað starfsfólk sem fengi góð laun (Jón Torfi Jónasson, 2006).

Í fyrstu var dagvistarþjónusta ekki í boði fyrir hvern sem var. Hún var fyrst og fremst fyrir einstæða foreldra, námsmenn og fjölskyldur sem bjuggu við bágar heimilisaðstæður. Þessi hópur var oftast kallaður forgangshópur (Erla Þórðardóttir, 1985). Þá var rætt um barnaheimili sem úrræði til að leysa félagslegan vanda, oft mál tengd vanrækslu barna. Þegar leið á snerist umræðan fyrst og fremst um gæslu þar sem báðir foreldrar voru farnir á vinnumarkað (Jón Torfi Jónasson, 2006).

## **5.2 Vangaveltur um dagvistunarúrræði**

Ljóst er að í þjóðfélagi okkar er fjölhyggja orðin viðurkennd, en með því er átt við að margir koma að uppeldi barna. Foreldrar gera auknar kröfur til opinberra aðila vegna uppeldis barna sinna og réttur þeirra er orðinn umtalsverður (Sigurður Pálsson, 1987). Þrýstingur frá foreldrum og aukin umræða í samfélaginu olli því að þingsályktunartillaga um ungbarnaleikskóla leit dagsins ljós.

Í svari frá Reykjavíkurborg við þingsályktunartillögu Vinstri grænna um að meta kosti þess að bjóða upp á leikskólavist strax að loknu fæðingarorlofi, kemur fram að kostnaður við að taka börn einu ári fyrr inn í leikskóla nemi allt að 1,9 milljónum króna á



ári fyrir hvert barn fyrir utan það sem foreldrar þurfa að greiða ár hvert. Þar kemur einnig fram að kostnaður vegna breytinga á húsakynnum og lóðum hafi ekki verið reiknaður inn í þá tölu. Þetta miðast við að fæðingarorlofið verði lengt upp í tólf mánuði. Sveitarfélögin myndu vilja sjá þessar breytingar og telja þær geta verið af hinu góða en hafa hvorki getu né bolmagn til að fara út í slíkar framkvæmdir (Þingskjal nr. 96/2013).

Í svari Barnaheilla-Save the children á Íslandi er þessari tillögu um stofnun ungubarnaleikskóla fagnað, því ef af þessu yrði væri börnum tryggð örugg umönnun og menntun eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur. Þá segir að mikilvægt er að börnum sé ekki mismunað vegna aðstæðna þeirra. Einnig er lagt til að í leikskólum sé tekið mið af þroska og aldri barna og þörfum þeirra sé mætt í samræmi við slíkt (Þingskjal nr. 96/2013). Stjórn Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík, sendi frá sér svar við tillögunni. Félaginu fannst vegið að starfsvettvangi sínum með þessari tillögu. Það er þeirra mat að mikilvægt sé að börnum sé veitt hlý umönnun og skilyrði uppvaxtar eigi að vera góð á fyrstu árum ævi þeirra. Það er einmitt sú þjónusta sem dagforeldrar hafa talið sig veita börnum frá upphafi. Þau benda ennfremur á að tólf mánaða gamalt barn sé ekki nógu þroskað til að geta tekist á við leikskólaumhverfið og að breytingar á starfsfólki inni á deildum hafi mikil áhrif á börnin þar sem þau þarfnast fyrst og fremst öryggis og stöðugleika. Félagið Barnið er því alfarið á móti tillögunni. Kennarasamband Íslands styður tillöguna ef staðið verður við lengingu á fæðingarorlofi. Þeirra rök eru að öll börn ættu að fá leikskólapláss að loknu fæðingarorlofi þar sem kennarastéttin er sögð veita bestu umönnun og menntun sem völ er á. Einnig benda Haraldur F. Gíslason og Ingibjörg Kristleifsdóttir, fyrir hönd Kennarasambandsins, á að með því að fjölga leikskólum þurfi einnig að fjölga leikskólakennurum. Því þurfi stjórnvöld að bregðast við og reyna að gera starf á leikskólum eftirsóknarvert til að fleira fólk skrái sig í leikskólakennaranám og hafi áhuga á að starfa sem leikskólakennarar að námi loknu. Samband íslenskra sveitarfélaga brást einnig við tillögunni. Sambandinu þótti tillagan góð en taldi ekki hægt að hrinda henni í framkvæmd án þess að framkvæma mat á kostnaði slíkra breytinga og án samráðs ríkis og sveitarfélaga. Einnig lýsti sambandið áhyggjum sínum yfir skorti á leikskólakennurum. Sambandið vildi einnig hefja umræður um slíkar framkvæmdir í smáum skrefum en ekki fá í hendurnar heilsteypta áætlun sem þeim bæri að framkvæma innan ákveðins tímaramma

þar sem sveitarfélögin myndu þurfa að bera þungann af öllum kostnaði sem slík framkvæmd bæri með sér (Þingskjal nr. 96/2013).

Erfiðlega mun ganga að manna stöður í ungbarnaleikskólum þar sem mannekla hefur verið á fjölda leikskóla í gegnum árin og hefur fjöldi nemenda í leikskólakennarafræðum farið fækkandi. Skýringin getur verið lenging náms en til að fá lögverndað starfsheitið leikskólakennari er nú krafist fimm ára háskólanáms. Til frekari skýringa þá voru 1.878 leikskólakennarar á landinu öllu árið 2012 og þar af 538 í Reykjavík. Árið 2012 voru alls 19.615 börn í leikskólum landsins, þar af 7015 börn í Reykjavík (Hagstofa Íslands, e.d.). Samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla skulu vera svokölluð barngildi fyrir hvert starfsgildi leikskólakennara sem sér um umönnun, uppeldi og menntun barna í leikskólum. Barn sem hefur náð tveggja ára aldri reiknast með 1,6 barngildi á meðan árs gamalt barn og yngra reiknast með tvö barngildi. Leikskólakennari á ungbarnaleikskóla mætti því aðeins hafa fjögur til fimm börn í sinni umsjá. Þessar tölur sýna að dæmið mun aldrei ganga upp að óbreyttu þar sem fjöldi lærðra leikskólakennara er ekki til staðar og aðeins 25 nemendur eru í leikskólakennarafræðum til meistaraþáttu við Háskóla Íslands (Reglugerð nr. 225/1995; Háskóli Íslands, e.d.).

Dagforeldrar eru hluti af þeim dagvistarúrræðum sem foreldrar ættu að geta nýtt sér. Umræðan að undanförunni sýnir að erfitt er að finna dagforeldra með laus pláss. Þegar að er gáð má sjá að starfandi dagforeldrar í Reykjavík eru um 200 talsins (Reykjavík, e.d.). Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru börn á aldrinum 0-2 ára alls 5.075 talsins árið 2012 og árið 2013 voru börn á sama aldri 4.985 talsins (Hagstofa Íslands, 2013).

Barngildi ráða fjölda barna hjá dagforeldrum. Hvert dagforeldri má því einungis annast fjögur til fimm börn. Ef allur þessi fjöldi barna þyrfti að komast að hjá dagforeldrum þá væru 25 börn á hvert dagforeldri. Sú tala sýnir glögglega að dagforeldrar myndu ekki anna eftirspurn, hvað þá þörfum foreldra fyrir dagvistun barna þeirra. Í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum (907/2005) kveður á um að sveitarfélögin beri ábyrgð á eftirliti með dagforeldrum. Þess má þó geta að í könnun sem framkvæmd var af Reykjavíkurborg árið 2012 um viðhorf dagforeldra kom í ljós að einungis 57% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni höfðu fengið heimsókn frá daggæsluráðgjafa á vegum Reykjavíkurborgar það starfsárið. Reglur Reykjavíkurborgar um eftirlit og öryggi kveða á

um að dagforeldrar eigi að fá slíka heimsókn einu sinni á ári (Reykjavíkurborg: Skóla- og frístundarsvið, 2012).

Að foreldrum og börnum koma margir hagsmunahópar og hafa þeir allir skoðanir sem eiga rétt á sér í umræðunni. Ólíklegt, en þó ekki útilokað er að þessir hópar geti komið sér saman um eins mikilvægt málefni líkt og ungbarnaleikskólar eru. Ákvörðun um að byggja upp ungbarnaleikskóla fyrir börn strax að loknu fæðingarorlofi yrði einnig siðferðislegt álitamál, bæði hvað varðar hagsmuni mæðra eða foreldra sem og barna. Mögulegt er að lausn finnist sem allir geta sæst á, Íslendingar geta litið til nágrannaþjóða. Svíþjóð er talið vera með eitt besta velferðarkerfið þegar kemur að málum er varða barnafjölskyldur. Kerfið í Svíþjóð býður upp á að foreldrar fái fæðingarorlof, launað leyfi frá vinnu vegna barneigna í fjögurhundruð og áttatíu daga. Foreldrar mega haga orlofinu eins og þeim hentar fyrir utan að hvort foreldri á rétt á sextíu dögum og þann rétt má ekki færa milli foreldra. Ef foreldri er einstætt fær það sama rétt til orlofs og foreldrar í sambúð. Einnig er boðið upp á að foreldrar geti nýtt sér að taka einstaka daga í fæðingarorlof og nota þegar hentar, það gildir þar til barn er orðið átta ára gamalt. Greiðslur í orlofi eru miðaðar við áttatíu prósent af útreiknuðum launum síðasta árið fyrir áætlaðan fæðingardag. Foreldrar, sem ekki höfðu tekjur fyrir fæðingu barns, fá ákveðna upphæð út orlofstímann. Heildarfæðingarorlof í Svíþjóð er lengst af öllum Norðurlöndunum (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Hvað dagvistunarúrræði í Svíþjóð varðar er margt í boði fyrir börn frá eins árs aldri og þar til þau byrja í undirbúningsbekk fyrir grunnskóla. Það er í flestum tilvikum í höndum sveitarfélaganna að sjá um dagvistarúrræði, það er annars vegar leikskóli (s. *förskola*) og hins vegar uppeldisfræðileg umönnun (s. *pedagogisk omsorg*). Foreldrar eiga rétt á daggæslu fyrir börn sín þegar þau ná eins árs aldri. Þess má þó geta að fyrir þann tíma er ekki öruggt að börn fái dagvistunarpláss. Leikskólar í Svíþjóð eru opnir allt árið, allir eru þeir opnir á daginn en í nokkrum sveitarfélögum eru leikskólar sem opnir eru allan sólarhringinn. Mörk eru sett um hversu há leikskólagjöld geta orðið. Uppeldisfræðileg umönnun eða dagvistun er einnig rekin af sveitarfélögum og svipar til dagforeldra líkt og þekkist hérlendis. Þá er einnig vert að nefna að sum sveitarfélög bjóða foreldrum upp á greiðslur fyrir umönnun. Ef foreldrar kjósa að vera heima með börnum sínum fyrstu þrjú árin fremur en að nýta sér

dagvistunarúrræði sem í boði eru þá geta þeir fengið greiddar um 3000 sænskar krónur á mánuði sem samsvara rúmum 50.000 íslenskum krónum (Norden, e.d.).

Íslendingar ættu aðeins að sætta sig við það besta og stefna á yfirburði á sviðum jafnréttis og umönnunarmála. Til þess þarf stuðning hins opinbera, fjármagn, sérmenntað starfsfólk og heildstætt dagvistarkerfi sem hagsmunaaðilar eru sammála um að hafi hag og velferð barna sem og foreldra að leiðarljósi.

Kjarninn er sá að með auknu jafnrétti og atvinnuþátttöku kvenna breytast hlutverk þeirra innan heimilis til muna. Togstreita milli atvinnu- og fjölskyldulífs veldur ójafnvægi sem virkar í báðar áttir. Þó svo að konum gangi betur en körlum að samtvinna þessa tvo þætti þá birtist togstreitan hjá konum á leyndari hátt. Togstreita er ekki óyfirstíganleg og kemur það í hlut sveitarfélaga og kerfisins í heild að ná jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs. Tillaga Vinstri grænna um stofnun ungbarnaleikskóla opnaði þarfa umræðu um þessi málefni. Hvort tillaga þeirra sé raunhæf skal látið ósagt en hafa ber þó í huga hagsmuni foreldra og barna. Við fyrstu sýn virðist stofnun ungbarnaleikskóla vera frekar í hag mæðra heldur en barna. Hagsmunaaðilum ber ekki saman en dagvistarúrræði fyrir börn á sér langa sögu og því er mikilvægt að velta fyrir sér nýjum úrræðum í tengslum við breytt samfélag og breyttar þarfir mæðra.

## 6 Aðferð

Hér að neðan verður gerð grein fyrir meginþáttum rannsóknarinnar. *Markmið og rannsóknarspurningar* verða kynntar sem og *framkvæmd rannsóknar* ásamt *kynningu á viðmælendum*. Stuttlega verða gerð skil á *grundaðri kenningu*. Í lokin verður komið inn á *siðferðislega þætti* rannsóknar.

### 6.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmiðið með þessari rannsókn er að fá innsýn í upplifun og reynslu mæðra á ákveðnu tímabili, frá lokum fæðingarorlofs og að leikskóla aldri barna þeirra.

Rannsóknarspurningin sem leitast verður við að svara er tvíþætt: *Hvernig reyndist viðmælendum að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólaaldurs? Hver er upplifun og reynsla mæðra á fæðingarorlofi og foreldrahlutverkinu?*

### 6.2 Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn var notast við eigindlega rannsóknaraðferð (e. *qualitative research methods*), þar sem rannsakendur vildu fá innsýn í heim mæðra á vinnumarkaði með ung börn. Því hentaði eigindleg rannsókn betur en aðrar rannsóknaraðferðir þar sem rannsakendur reyndu að fá viðmælendum til að segja frá upplifun sinni og reynslu. Með því fengu niðurstöður rannsóknarinnar meiri dýpt og rannsakendur meiri skilning en unnt hefði verið með öðrum rannsóknaraðferðum.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru húmanískar (mannlegar), byggja á aðleiðslu og eru því sveigjanlegar, þar sem niðurstöður eru ófyrirsjáanlegar. Öll sjónarmið viðmælenda eru jafngild og engin skoðun réttari en önnur. Með eigindlegum aðferðum er áhersla lögð á trúverðugleika og réttmæti en minni áhersla á áreiðanleika, þar sem rannsakendur eru ekki að sannprófa gögn út frá fyrirfram ákveðnum hugmyndum um niðurstöður. Markmið eigindlegra rannsókna er ekki að geta alhæft um niðurstöður rannsókna, heldur veita innsýn í upplifanir og aðstæður viðmælenda og geta þannig veitt vísbendingar um upplifanir einstaklinga í sambærilegum aðstæðum. Eigindlegar rannsóknir snúast ekki um áreiðanleika, hvort að viðmælandi segi satt og rétt frá, heldur um réttmæti þar sem upplifun viðmælenda kemur fram (Neuman, 2011). Einkenni eigindlegrar aðferðar er að

leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri á sem dýpstan hátt. Rannsakendur sem nota eigindlegar aðferðir einbeita sér að því að öðlast skilning á þeirri merkingu sem þátttakendur leggja í líf sitt og aðstæður og fá þannig innsýn í veröld ólíkra einstaklinga innan samfélagsins (Braun og Clarke, 2013).

Þegar rannsakandi notar eigindlegar aðferðir þarf hann að beita taumhaldi á skoðanir sínar en þær mega ekki lita niðurstöður rannsókna. Í eigindlegum rannsóknum skipta tengsl og trúnaður við viðmælendur miklu máli. Með því að vinna sér inn traust viðmælanda er líklegra að hann gefi meira af sér og þannig skapast aukin dýpt í rannsóknargögn (Braun og Clarke, 2013). Því útbjuggu rannsakendur þar til gerða trúnaðaryfirlýsingu sem bæði rannsakandi og viðmælandi skrifuðu undir. Þess skal einnig getið að rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

Eigindlegar rannsóknir krefjast mikillar nákvæmni og agaðra vinnubragða. Í upphafi rannsókna leitast rannsakandi við að skoða vel afmarkað viðfangsefni. Þó viðfangsefni sé þröngt þá geta niðurstöður orðið opnar þar sem fjölbreytileikinn er mikill og upplifun hvers viðmælanda einstök. Rannsakandi leitast við að vera nálægur vettvangi til að öðlast betri skilning. Eigindlegar aðferðir gera ráð fyrir að félagslegur veruleiki sé síbreytilegur og aðstæðubundinn og er þannig vísað í félagslega mótunarhyggju. Félagslega mótunarhyggjan gerir ráð fyrir því að einstaklingar hafi mismunandi þekkingu á heiminum og hver og einn skilji heiminn byggt á sinni upplifun og reynslu (Braun og Clarke, 2013).

Eigindlegar aðferðir eru opnari, fjölbreyttari og dýpri en meginlegar aðferðir. Opin eða hálf-opin viðtöl eru ein algengasta rannsóknaraðferðin. Rannsakandinn er aðal rannsóknarverkfærið, hann safnar gögnum, greinir þau og leggur áherslu á merkingu og skilning (Braun og Clarke, 2013).

Þar sem markmið þessarar rannsókna er að öðlast innsýn og skilning á reynslu og upplifun mæðra á atvinnumarkaði á ákveðnu tímabili eiga eigindlegar aðferðir einkar vel við. Fyrirbærafræði er aðferðafræðileg nálgun sem leggur áherslu á að til þess að geta skilið upplifanir viðmælanda þurfi rannsakendur að öðlast skilning á lífi og fyrri reynslu viðkomandi. Veruleikinn er félagsleg hugsmíð (Braun og Clarke, 2013). Rannsakendur kappkostuðu að ýta eigin skoðunum til hliðar. Mynduð voru tengsl við viðmælendur til að fá sem mest út úr viðtölunum og þar með skýrari sýn á reynslu þeirra og skoðanir.

### 6.3 Val á viðmælendum

Þar sem rannsóknin byggir á upplifun mæðra á tímabilinu frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börn þeirra komast á leikskólaaldur þá komu mæður eingöngu til greina sem viðmælendur. Skilyrðin fyrir þátttöku voru að viðmælendur væru mæður á aldrinum 25-40 ára, á atvinnumarkaði og með barn eða börn á aldrinum 0-3 ára. Notast var við samblöndu af markvissu- og hentugleikaúrtaki. Markvisst úrtak vísar til þess að strax í upphafi lá fyrir hvaða skilyrði þátttakendur þyrftu að uppfylla til að geta tekið þátt, en hentugleika úrtak vísar til þess með hvaða leiðum leitað var eftir viðmælendum (Neuman, 2011).

Rannsakendur auglýstu eftir þátttakendum í rannsóknina á samskiptamiðlinum Fésbók (e. *Facebook*). Viðtöl, niðurstöður og rannsóknin sjálf voru meðhöndluð sem trúnaðargögn. Farið var eftir ítrústu fyrirmælum um skilyrðislausan trúnað og nafnleynd viðmælenda ásamt því að persónulegum upplýsingum hefur verið breytt. Hér á eftir verða viðmælendur kynntir stuttlega, ekki er um raunveruleg nöfn þeirra að ræða, heldur er vísað til þeirra með gervinöfnum.

### 6.4 Viðmælendur í rannsókn

#### Fanney Óskarsdóttir

Fanney er 25 ára gömul og ólst upp hjá móður sinni. Foreldrar hennar skildu þegar hún var ung og til að byrja með hafði pabbi hennar aldrei samband við hana. Þau eru þó í ágætis sambandi í dag. Fanney á kærasta og eina dóttur sem er 8 mánaða gömul. Fanney var nýfarin aftur út á vinnumarkað eftir fæðingarorlof þegar viðtal fór fram. Hún gegnir stöðu aðstoðarverslunarstjóra í verslun sem tilheyrir stórri keðju sem starfrækt er á höfuðborgarsvæðinu.

#### Hildur Guðjónsdóttir

Hildur er komin rétt yfir þrítugt, hún ólst upp í sveit og er næstelst í stórum systkinahópi. Hún býr úti á landi með fjölskyldu sinni, eiginmanni og tveimur dætrum sem eru tveggja

og fjögurra ára gamlar. Hildur hefur töluverða menntun og er nú að læra iðngrein en í því felst 100% vinna auk náms um helgar.

### **Kristín Ólafsdóttir**

Kristín er 32 ára gömul uppalin á höfuðborgarsvæðinu. Hún býr á höfuðborgarsvæðinu ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum þeirra, fimm ára dreng og stúlku sem er rétt um tveggja ára. Kristín er með tvær háskólagráður og vinnur sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá stóru fyrirtæki. Eiginmaður hennar vinnur erlendis. Í uppeldi hennar var lögð áhersla á menntun og frama.

### **María Jónsdóttir**

María er 27 ára gömul og kemur úr stórri fjölskyldu. Hún býr í Reykjavík ásamt sambýlismanni og dóttur á fyrsta ári. Hún er lögfræðimenntuð og gegnir ábyrgðarstöðu í meðalstóru fyrirtæki en hún er tiltölulega nýfarin aftur til vinnu að loknu fæðingaorlofi. María undirbýr brúðkaup með haustinu.

### **Sara Jónsdóttir**

Sara er rétt komin yfir þrítugt. Hún býr á höfuðborgarsvæðinu ásamt eiginmanni og tveimur börnum, stúlku sem er þriggja og hálfis árs og eins árs dreng. Sara ólst upp í stórum systkinahópi og gæti þess vegna hugsað sér að eignast sjálf stóra fjölskyldu. Hún vinnur á skrifstofu hjá litlu fyrirtæki í afgreiðslu, auk þess að sjá um bókhald fyrirtækisins.

### **Sigríður Káradóttir**

Sigríður er að nálgast fertugt og er uppalin úti á landi. Hún er elst fimm systkina. Hún skildi við eiginmann sinn síðastliðið haust en með honum á hún fjögurra ára dreng og dóttur sem er nýorðin þriggja ára. Sigríður er háskólamenntuð á sviði viðskipta og var í góðri vinnu en hún hafði unnið sig upp í yfirmannstöðu. Hún missti vinnuna nokkrum dögum áður en viðtalið fór fram, sem var fljótlega eftir skilnað.



## 6.5 Framkvæmd rannsóknar

Hugmynd þessa ritgerðarefnis átti sér langan aðdraganda. Allmargar hugmyndir mynduðust út frá 18. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að aðildaríkjum þeirra bæri að koma á fót stofnunum fyrir börn sem eiga foreldra á vinnumarkaði. Í þriðju tilraun náðist að afmarka efnið en þegar endanleg hugmynd lá fyrir var farið að undirbúa rannsóknarferlið. Unnið var að gerð rannsóknaráætlunar og í framhaldinu var undirbúinn viðtalsrammi. Í lok febrúar og byrjun mars 2014 fóru fram viðtöl við þátttakendur rannsóknarinnar. Hvor rannsakandi tók þrjú viðtöl sem öll voru hljóðrituð. Lengd viðtala var að meðaltali 40-50 mínútur. Þegar allra gagna hafði verið aflað voru þau afrituð á nákvæman hátt og því næst greind ítarlega eftir verklagi eigindlegra rannsóknaraðferðar. Þegar niðurstöður lágu fyrir var hægt að leggja lokahönd á verkefnið en niðurstöður lágu fyrir þann 11. mars 2014.

Rannsakendur notuðu markvisst hentugleikaúrtak til að finna viðmælendur. Með því að nota markvisst úrtak er verið að þrengja hóp mögulegra þátttakenda sem allir búa að ákveðnum eiginleikum sem settir voru sem skilyrði fyrir þátttöku (Taylor og Bogdan, 1998). Hentugleikaúrtak auðveldar að ná til viðmælenda. Viðmælendur voru valdir vegna þess að þeir voru tiltækir eða nálægir. Þessi aðferð er ódýr auk þess að vera fljótleg. Hins vegar verður úrtakið ekki alltaf dæmigert fyrir þýðið og ekki víst að það endurspegli allar mæður á Íslandi sem uppfylla sömu skilyrði og viðmælendur rannsóknarinnar (Neuman, 2011). Því er ekki alhæft um niðurstöður þó svo viðmælendur geti gefið vísbendingar um upplifanir mæðra á vinnumarkaði á þessu tiltekna tímabili, þegar rannsókn fór fram. Tekin voru sex hálf opin viðtöl. Með hálf-stöðluðum opnum viðtölum er átt við viðtal þar sem stuðst var við viðtalsramma og fyrirfram ákveðnar meginspurningar (Braun og Clarke, 2013).

Viðtölin fóru fram á heimilum viðmælenda að einu undanskildu, þar sem viðkomandi býr á landsbyggðinni og því var notast við samskiptaforritið Skype í því tilviki. Magn úrvinnslugagna náði rétt rúmum hundrað rituðum blaðsíðum.

## 6.6 Greining gagna

Grunduð kenning (e. *grounded theory*) er eigindleg rannsóknaraðferð sem byggir á kerfisbundnum vinnubrögðum í gegnum allt rannsóknarferlið og leggur áherslu á stöðuga

greiningu rannsóknargagna. Tilgangur grundaðra kenninga er að þróa kenningu sem er trú rannsóknargögnunum, nokkurskonar aðferð til að uppgötva nýja kenningu, en rannsakendur gera samanburð á ólíkum fyrirbærum í von um að finna það sem er líkt með þeim. Margir vísindamenn sem aðhyllast eigindlega rannsóknaraðferð styðjast við grundaða kenningu en aðferðin byggir á aðleiðslu (e. *induction*), með því er átt við að rannsakendur nálgast kenninguna út frá ályktunum á grundvelli gagna (Neuman, 2011). Greining á niðurstöðum rannsóknar er byggð á aðferðum grundaðrar kenningar, þá er bæði átt við stöðuga greiningu gagna í gegnum allt rannsóknarferlið sem og markvissa greiningu að lokinni gagnasöfnun. Í því felst að úrvinnsla niðurstaðna á sér stað með tvenns konar hætti, með opinni kóðun og markvissri kóðun. Með því að styðjast við grundaða kenningu er verið að þrengja efni rannsóknarinnar með niðurstöðum sem birtust í gögnunum. Rannsakendur þurfa að ræða hvernig rannsóknin á að vera uppbyggð og þróa rannsóknarspurningar. Með grundaðri kenningu er verið að skrifa niður hugmyndir að þemum sem liggja mögulega í gegnum rannsóknina. Efni rannsóknarinnar myndar eins konar söguþráð sem er rauði þráðurinn í gegnum rannsóknarferlið (Esterberg, 2002).

Opin kóðun felst í að bera kennsl á þemu og draga fram það sem er eftirtektarvert. Unnið er með gögnin ítarlega, línu fyrir línu, bil fyrir bil. Á þessu stigi skal rannsakandinn vera opinn og hika ekki við að punkta hjá sér það sem hann sér í gögnunum. Með opinni kóðun reynir rannsakandi að sjá hvað er að finna í gögnunum (Esterberg, 2002). Þegar rannsakandi hefur lokið við að fara yfir rannsóknargögnin og borið kennsl á ráðandi þemu er farið yfir í markvissa kóðun.

Markviss kóðun felst í því að lesa endurtekið rannsóknargögnin með ákveðin lykilþemu í huga, eitt í einu og átta sig þannig á merkingu þeirra og tengslum við önnur ráðandi þemu í gögnunum. Það getur verið tímafrekt að fara eftir aðferðum grundaðrar kenningar en það er að sama skapi mjög mikilvægt til að fá sem dýpstar niðurstöður (Esterberg, 2002).

## 6.7 Siðferðilegir þættir

Siðferðilegir þættir sem huga þarf að, bæði fyrir rannsókn og á meðan á henni stendur, eru margir. Fyrst þarf að vita hvar mörk friðhelgis einkalífsins liggja áður en spurt er

persónulegra spurninga. Mikilvægt er að fá upplýst samþykki viðmælanda í upphafi, en með upplýstu samþykki er óskað formlega eftir þátttöku í rannsókninni og viðmælandi upplýstur um hvað felst í þátttöku. Rannsakanda ber að veita þátttakanda skýrar upplýsingar um tilgang og markmið rannsóknarinnar. Því næst þarf að gæta fyllsta trúnaðar og nafnleyndar viðmælanda. Nafnleynd er hluti af vinnubrögðum eigindlegra rannsakanda. Nafnleynd er eitt af grundvallargildum og er viðhöfð til að standa vörð um virðingu viðmælanda, sjálfræði og velferð hans. Ef líkur eru á að hægt sé að rekja upplýsingarnar þrátt fyrir nafnleynd, þarf rannsakandi jafnvel að breyta fleiri upplýsingum til að koma í veg fyrir að niðurstöður verði persónugreinanlegar. Þátttakendur mega ekki skaðast af þátttöku í rannsókn. Völd rannsakanda og þátttakenda eiga að vera sem jöfnust og er upplýsingagjöf af hálfu rannsakanda í upphafi rannsóknar mikilvægur liður í því (Neuman, 2011; Vísindasiðanefnd, e.d.).

Sigurður Kristinsson (2003) talar um fjórar höfuðreglur sem mikilvægt er að hafa í huga við framkvæmd rannsókna. Hér verður gerð grein fyrir þremur, þeim sem eiga við í þessu verki. Sjálfræðisreglan snýst um að þurfa alltaf að fá upplýst samþykki og að þátttakendur geti metið á sjálfstæðan hátt upplýsingarnar sem þeir fá. Skaðleysisreglan segir að rannsakandi skuli gæta þess að skaða hvorki sjálfan sig né þátttakendur með rannsókn sinni. Réttlætisreglan snýst svo um að sanngirni sé gætt í skiptingu gæða, þeir hópar sem hafa veika stöðu eigi að vera verndaðir og að ávinningur geti hlotist af rannsókninni.

Rannsakendur voru sammála um að mæta viðmælendum í þeim aðstæðum sem þeim þótti þægilegastar, innan veggja þeirra heimilis.

Að hrófla við og gagnrýna ríkjandi fyrirkomulag stjórnvalda getur ávallt verið siðferðislegt álitamál, hins vegar er hægt að réttlæta það. Líta ber á allt gagnrýnum augum, án gagnrýni verður stöðnun og ríkjandi fyrirkomulag verður ásættanlegt sem síðar verður að viðmiðum og gildum í samfélaginu.

Ávallt skal hafa hagsmuni þátttakenda að leiðarljósi við framkvæmd rannsókna, fá upplýst og óþvingað samþykki fyrir þátttöku með undirritaðri trúnaðaryfirlýsingu og koma í veg fyrir að þátttakendur skaðist. Að gæta að og framfylgja siðferðislegum þáttum í rannsóknarstarfi birtist í gæðum rannsóknar (Taylor og Bogdan, 1998).

## 7 Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar. Kaflinn er brotinn upp eftir helstu þemum viðtalanna. Við greiningu viðtalanna birtist svipuð reynsla og skoðanir hjá öllum viðmælendum. Helstu þættirnir, þau þemu, sem komu sterkast fram voru *fæðingarorlof*, sem flestum viðmælendum þótti of stutt og *samvinna við maka* sem þeim þótti öllum mikilvæg. Það sem var hvað mest áberandi í orðum viðmælenda voru erfiðleikar við að finna *dagvistarúrræði* áður en fæðingarorlofi lauk, en það var viss hindrun fyrir mæðurnar þegar þær voru á leið aftur til vinnu til að komast út á vinnumarkað. Auk þess var margt sem mæðurnar myndu vilja sá breytast, þar sem *kerfið* sem slíkt er ófullkomið að þeirra mati og margir gallar á því, margt sem mætti bæta. Þær voru allar sammála um að betur megi *samræma atvinnu- og fjölskyldulíf* af hálfu hins opinbera en nú er gert.

### 7.1 Fæðingarorlof og samvinna við maka

Allar mæðurnar eiga það sameiginlegt að barneignir breyttu lífi þeirra. Þeim þykir móðurhlutverkið krefjandi, ábyrgðarfullt en jafnframt skemmtilegt og gefandi. Þegar mæðurnar voru spurðar út í framtíðarsýn þeirra þegar þær fóru út í barneignir voru flestar þeirra ekki vissar, líkt og þær hefðu ekki hugsað svo langt. Þær svöruðu þó flestar að þær hefðu viljað eignast börn en sumar þeirra ólust upp í stórum fjölskyldum og gátu hugsað sér að eignast sjálfar stórar fjölskyldur. Yngsti viðmælandinn hafði þó ekki ætlað sér að eignast barn alveg strax en sér ekki eftir neinu og í dag myndi hún engu vilja breyta. Annar viðmælandi sagðist hafa verið með mjög metnaðarfull framtíðaráform, en þau áform fóru út um þúfur þegar hún komst að því að hún væri barnshafandi. Hún sér þó ekki eftir því að hafa þurft að breyta áformum sínum lítillega.

Hildur Guðjónsdóttir lýsti móðurhlutverkinu og uppeldi barna sinna eftirfarandi:

Mér finnst það erfiðara heldur en ég bjóst við.... það sem hefur komið mér á óvart er það sem sagt að mér finnst já uppeldið erfiðara og mér finnst fleiri sem reyna að hafa áhrif á mann heldur en ég bjóst við. Svo eru margir að gefa manni ráð sem maður kannski er ekki að biðja um. Mér finnst það samt skemmtilegra líka heldur en ég bjóst við en aðallega kannski líka komið mér á óvart sem sagt bara

hlutir sem ég hafði ekkert spáð í í sambandi við uppeldið... Já það eru svona fleiri hlutir sem komu mér á óvart sem væru semsagt erfiðari og sérstaklega kannski þegar þær eru litlar að ég hélt að þetta væri bara ekkert mál að maður myndi bara eignast börn og þetta kæmi bara svona af sjálfu sér en það gerði það náttúrulega ekki. Maður var í svona smá tíma að fatta hvernig maður ætti að gera allt þetta.

Þetta nýja hlutverk, móðurhlutverkið, kom Hildi mjög á óvart, þarna kemur skýrt fram hversu erfitt henni fannst þetta en jafnframt skemmtilegra en hún hafði búist við. Hún virðist njóta móðurhlutverksins en út frá orðum hennar virðist sem hún hafi haft aðrar hugmyndir um hvernig þetta hlutverk væri í raun og veru. Einnig má túlka út frá orðum Hildar að margir utanaðkomandi komi að uppeldi barna hennar sem hún er mis sátt með.

Kristín Ólafsdóttir hafði þetta um móðurhlutverkið að segja:

Ég upplifði alveg rosalegan tilfinninga rússibana einhvernvegin þegar ég fékk börnin mín í hendurnar ..... Sko, það er.....að vera mamma er jafn hrikalega erfitt og krefjandi og það er frábært og yndislegt.

Það má áætla sem svo að orð Kristínar um móðurhlutverkið séu tilfinningaþrungin. Af orðum hennar mætti túlka að líf hennar hafi breyst með tilkomu þessa hlutverks sem hafi kallað fram ýmsar tilfinningar. Þessi lýsing Kristínar á hlutverkinu endurspeglar á einhverjum tímapunkti upplifun allra hinna mæðranna sem tóku þátt í rannsókninni.

Viðmælendur töluðu allir um að samvinna við maka eða aðra fjölskyldumeðlimi væri nauðsynleg til að láta hlutina ganga upp. Samvinna við maka er góð hjá öllum mæðrunum. Maður Kristínar Ólafsdóttur vinnur erlendis og treystir hún því á aðra fjölskyldumeðlimi þegar hann er í burtu, bæði hvað varðar félagslegan og andlegan stuðning, sem og við umönnun barna sinna.

Kristín kemst svo að orði:

Vá, ég gæti ekki án mömmu verið. Ég er rosalega háð mömmu til dæmis, ég sko get varla farið í gegnum daginn nema að heyra í henni eða hitta hana..... Hún er búin að bjarga mér og er eins og þriðja hjólið í hjónabandinu.

Ein mæðranna, Sigríður Káradóttir er nýlega skilin en meðan á hjónabandinu stóð var samvinnan við maka góð. Nú er hún ein með börnin og talar um hvað það getur verið erfitt að vera ein með tvö börn og í fullri vinnu, sem gæti stutt þau orð viðmælenda okkar um það hversu mikilvæg samvinna er.

Sigríður lýsir upplifun sinni á þessa leið:

Þetta gekk allt upp meðan við vorum saman, það er mun auðveldara að eiga maka sem backup ef ég var að vinna lengur eða eitthvað. Þetta er mjög erfitt að vera allt í einu orðin ein og enginn til að hjálpa til, sækja á leikskólann eða .... og ég finn fyrst fyrir núna svona pressu, að, sinna öllu og öllum og stundum gleymist ég þarna á milli. Finnst líka vinnuumhverfið ekki hjálpa til,ég hugsa stöðugt um vinnuna, ég er ekkert búin í henni klukkan fimm og hugsa svo ekkert meir um hana fyrr en daginn eftir ... ömm, þetta er ekki fjölskylduvænt og þá sérstaklega ekki fyrir einstæða foreldra.

Hér er Sigríður að lýsa hversu flókið er að vera einstætt foreldri. Hennar upplifun virðist vera sú að hún fái hvergi nægan stuðning. Henni finnst núverandi fyrirkomulag af hálfu kerfisins ekki vera fjölskylduvænt og hvað þá fyrir einstæða foreldra eins og hún virðist sjálf hafa upplifað á sterkan hátt. Þetta gæti stutt það sem allar hinar mæðurnar upplifðu hversu mikilvæg samvinna við maka sé og þá sérstaklega á þessu tímabili, þegar mæðurnar fara aftur til vinnu.

Allar mæðurnar voru spurðar hversum löngum tíma þær vörðu í fæðingarorlof. Flestar mæðurnar tóku sex mánuði, þrjá sem þær eiga rétt á og aðra þrjá sem foreldrar eiga sameiginlega, lögum samkvæmt.

Sara Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir svöruðu á skilmerkilegan hátt:

...bara tók þá sex mánuði sem ég á rétt á.

uuu já, sko ég tók bara þessa týpísku sex mánuði.

Út frá svörum allra mæðranna í rannsókninni má álykta sem svo að lengd fæðingarorlofs þeirra gekk út frá fyrirfram ákveðnum normum.

Fanney Óskarsdóttir ætlaði að taka lengra fæðingarorlof en lög gera ráð fyrir:

...ég ætlaði að vera í ár bara en svo þú veist þetta er bara ekkert hægt þetta er svo lítil peningur.

Af orðum Fanneyjar má álykta að peningar stýrðu lengd fæðingarorlofsins. Á sama tíma og mæðurnar töluðu um að upplifun af fæðingarorlofinu hafi verið góð þá töluðu þær allar um skerðingu á heildartekjum og töluðu þær einnig allar, nema ein, um að leitinn að dagvistarúrræðum hafi tekið langan tíma og sett svartan blett á þann dýrmæta tíma sem þær telja að fæðingarorlof sé.

## **7.2 Kerfið og dagvistun**

Mæðurnar töluðu, allar nema ein, um hversu erfitt þeim þótti að finna dagvistarúrræði fyrir börn sín áður en þær héldu aftur út á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi. Flestar töluðu um að hafa þurft að hringja í alla dagforeldra á svæðinu í kringum sig til að finna laust pláss en margar sóttu um hjá dagforeldri þegar börnin þeirra voru aðeins nokkurra vikna gömul. Af orðum viðmælanda má ætla að erfitt sé að finna dagvistarúrræði fyrir ung börn.

Sara kemst svo að orði:

.... ég pantaði fyrir hann þegar hann var fimm vikna og já þetta hafðist af því að ég pantaði með svona góðum fyrirvara.

Fanney Óskarsdóttir var búin að leita lengi að dagforeldri:

Mjög erfitt, það eru engar lausar sko, eða ekki í Kópavogi. Ég fór á biðlista hjá öllum og ég var búin að hringja í allar í Kópavoginum .... en svo kom þessi inn bara núna þú veist, glæný, hún er útlendingur .... nee, hún er yndisleg, hún er að gera þetta í fyrsta skipti. Hún veit ekki alveg hvað hún er að gera.....en ég held hún eigi eftir að ná þessu.

Kristín Ólafsdóttir hafði svipaða sögu að segja:

....já, með Sóley þá var þetta algjört bío, ég hélt að þetta yrði ekkert mál en samt fannst mér allt orlofið snúast um þetta, að finna réttu dagmömmuna og svo kom það bara á daginn að það er ekki séns að fá pláss hjá dagmæðrum í dag. Og já, ég var bara já, þarna byrjuð að vinna án þess að hafa dagvist fyrir stelpuna og ég man hvað ég var rosalega reið og sko ég var stanslaust með hugann við hvort ég væri alveg að fara með mömmu mína að láta hana vera með stelpuna allan daginn og var með svona áhyggjur sem ég þurfti ekki að hafa kannski ef hún væri bara á leikskóla eða eitthvað, þetta er ofboðslega óþæginlegt. En hérna, svo var einmitt fullbókað í ungbarnaleikskólann og ég var þar á biðlista og hún komst svo inn um eins árs. Já, þannig að þetta er ekkert grín, að fyrst finna dagvistun og svo að fá pláss.

Túlka má út frá orðum Söru, Fanneyjar og Kristínar að leitin af dagforeldri hafi svipað til kapphlaups. Bæði kapphlaup við tímann og samkeppni meðal annarra foreldra að koma barni sínu að hjá dagforeldri. Af orðum Fanneyjar má ætla að hún hafi verið fegin að fá



pláss fyrir barn sitt en virðist þó vera á báðum áttum um ágæti dagmóðurinnar, en hún réttlætir efasemdir sínar, þar sem dagforeldrið hefur ekki mikla reynslu.

Sara talar eins og þetta hafi aldrei tekið á taugarnar en þegar hún segir að þetta hafi hafist að lokum er hægt að túlka svo, að þetta hafi tekið á, að vera á biðlista. Kristín tjáir tilfinningar sínar á sterkan hátt, hún var reið, ergileg yfir því að vera byrjuð að vinna aftur eftir fæðingarorlof án þess að hafa dagvistun fyrir dóttur sína, þrátt fyrir að hafa verið með hugann við það allt orlofið að eigin sögn. Hún kemur einnig inn á hlutverk móður sinnar, sem virðist vera bjargvættur í þessu samhengi.

Hildur Guðjónsdóttir hafði svipaða sögu að segja og hinar mæðurnar, þrátt fyrir að vera sú eina sem býr út á landi. Yngri stelpan hennar komst inn á leikskóla þegar hún var 17 mánaða gömul en það var undantekning vegna þess að þau fluttu á þessu tímabili í annað sveitarfélag og þar sem engar starfandi dagmæður eru. Það var þó í boði að fá niðurgreidda dagvistun hjá dagforeldrum í næsta bæjarfélagi, en það hafi verið að hennar eigin sögn of tímafrekt og kostnaðarsamt að aka þangað daglega.

Hjá þessari einu móður, Söru, sem sagði ekki hafa verið erfitt að finna dagvistarúrræði var því þannig háttað að í fyrra skiptið púsluðu hún og maður hennar þessu þannig að þau náðu að brúa bilið þangað til barn þeirra komst til dagmömmu. Amma barnsins var að byrja að starfa sem dagmamma og tók barnabarn sitt strax inn og var með það þangað til það komst á leikskóla.

Þessi leit að dagvistun fyrir börn sín áður en að fæðingarorlofi lauk virtist hafa tekið á hjá mæðrunum, sérstaklega hjá þeim sem áttuðu sig ekki á að þanta pláss nánast um leið og barnið fæddist.

María Jónsdóttir lýsir upplifun sinni af leit að dagvistarúrræði þannig:

Oki, ég skoðaði ekkert annað en dagmömmur, ég er bara ekki klár á því hvort eitthvað fleira sé í boði en bara dagmömmur og ....jú svona einkareknir leikskólar. En við fundum dagmömmu eftir mikla leit, það er alveg ótrúlegt hvað það er erfitt að fá pláss og við erum bara sátt með hana. Það kemur oft eitthvað upp á hjá henni.

Varðandi tímanna sem það tók að fá pláss, hafði hún þetta að segja:

Já það gerði það. Ég held að ég hafi sótt um þegar stelpa var tólf vikna. Þetta er mjög algengt að fólk fær ekki pláss hjá dagmömmum þannig að það er gott að vera á biðlista hjá sem flestum.

Orð Maríu mætti túlka á þann hátt að þó hún hafi byrjað snemma að leita að pláss hafi leitin tekið dágóðan tíma. Hún virðist ekki hafa gert ráð fyrir að neitt annað væri í boði en dagforeldrar. María hafði heyrt í kringum sig af þessum vanda, að erfitt væri að finna úrræði, það veitti henni öryggi að vera á biðlista og þó það komi ekki beint fram, þá er að líklegt að hún hafi fengið pláss hjá dagmóðurinni sem hún fékk svo pláss hjá vegna þess. Síðan talar María eins og hún sé sátta með dagmómmuna, en þegar hún nefnir að það komi oft eitthvað upp á hjá henni þá má skynja sem svo að hún sé innst inni ekki alveg nógu ánægð. Þetta ósamræmi gæti tengst því hvernig hagsmunir barna og mæðra geta skarast, eins og kom fram í viðtölum allra viðmælenda okkar. Skörun hagsmuna barna og foreldra verða gerð ítarlegri skil síðar kaflanum *Atvinna og fjölskyldulíf*.

Þegar mæðurnar voru spurðar út í breytingar sem þær myndu vilja sjá á núverandi fyrirkomulagi kom fram að þær myndu vilja meira val, til dæmis varðandi tilhögun á fæðingarorlofi, lengd þess, tímatöku og meiri samvinnu innan kerfis á dagvistarúrræðum. Til dæmis að geta nýtt fæðingarorlofsrétt maka síns ef hann af einhverjum ástæðum getur ekki tekið það sjálfur. Ein mæðranna minntist á fyrirkomulag eins og er í Svíþjóð, en þá er orlofið lengra og einnig er hægt að geyma hluta af orlofinu í einhver ár. Fæðingarorlofsdaga er hægt að nýta á margan hátt, til dæmis þegar leikskólar eða skólar taka sér starfsdag.

Fanney Óskarsdóttir nefndi þessar tillögur um breytingar á núverandi kerfi:

Lengja fæðingarorlofið, gera þetta svona eins og þetta er í Svíþjóð og svona, þar er þetta fjögur ár, nei eða tvö ár, þetta eru allavega tvö eða þrjú ár sko...Þannig maður gæti verið bara svona aðeins lengur og þó þú farir að vinna og svona eftir eitt ár þá er eins og þar (í Svíþjóð) máttu hérna taka það þú veist alveg upp í fimm

ára aldur þá tekurðu starfsdagana og svona þá tekurðu fæðingarorlofsdaga, þannig að þú veist mér fyndist það líka svolítið sniðugt að gera svoleiðis.

Hildur vildi sjá eftirfarandi breytingar:

...ég myndi náttúrulega bara vilja að fæðingarorlofið yrði lengt. Uuu ég myndi vilja að maður gæti allavega fengið ár í fæðingarorlof....og uhhmm og ég myndi já aðallega bara hafa þetta þannig að þau komist beint inn á leikskóla, ég vil sleppa þessu millibili sem dagmömmur eru.

Fanney og Hildur vilja báðar sjá lengra fæðingarorlof. Hildur vill að það yrði gert til að sleppa þessu millibilsástandi sem hún telur dagforeldra vera, það virðist sem svo að hún sé ekki hlynnt því kerfi. Draga má þá ályktun af fyrri reynslu Hildar af dagmæðrum marki viðhorf hennar, hún var ekki ánægð með þá dagmömmu sem barnið hennar var hjá, þrátt fyrir að barn hennar hafi verið ánægt og liðið vel. Það var að hennar sögn alltaf eitthvað að koma upp á. Hún hefur einnig þá trú að það sé betur hægt að hugsa um börnin þegar starfsfólkið sé fleira og meira aðhald og eftirfylgni sé höfð með starfsfólkinu. Það hljómar líkt og henni finnist mikið óöryggi falið í því að þekkja ekki þennan eina einstakling sem sér um barnið hennar auk nokkurra annarra barna.

Fanney kom með þá hugmynd að æskilegt væri að líta til Norðurlandanna og fá hugmyndir þaðan. Hún á vinkonu sem býr í Svíþjóð og hefur fengið upplifun hennar af kerfinu þar beint í æð. Þar sem orlofið er um eitt ár og svo fylgir því mikið val hvernig því er varið sem túlka má út frá hennar orðum sem svo að henni finnist heillandi og heppilegt bæði fyrir foreldra og barn.

Upplifun Kristínar af kerfinu var á eftirfarandi hátt:

Ef við byrjum bara á byrjuninni, þá, er maður, já svona skikkuð í fæðingarorlof í sex mánuði eða svo, á meðan missir maður tekjur og svo er manni hent aftur út á vinnumarkaðinn eftir nokkra mánuði án þess að maður hafi tryggingu fyrir því að barnið manns hafi einhverja dagvistun. Og svo sko, gefur kerfið þér bara puttann

ef barnið er ekki fætt á réttum tíma árs eða maður sótti ekki um dagmömmu eða leikskóla bara á fæðingardeildinni, ég meinaða sko, æ. Ég furða mig hreinlega á því hvernig þetta kerfi hefur gengið til þessa og af hverju í ósköpunum þetta hefur ekki verið lagað. Þetta er sko, nei, jæja....

Þessar þrjár tilvitnanir hér að framan má túlka á þann hátt að kerfið sé, að mati viðmælenda, gallað og mörgu þurfi að breyta til að bæta ástandið. Gagnrýni mæðranna á kerfið er talsverð, þær gátu allar fundið eitthvað sem þær töldu vera ábótavant. Kristín talar um eins og þetta sé hinn eðlilegasti hlutur, fólk skikkað í fæðingarorlof í einhvern ákveðinn tíma, án þess að fá val. Eftir þann tíma er svo ætlast til að fólk fari aftur út á vinnumarkað, inn í ööryggið ef foreldrar eru ekki komnir með dagvistun fyrir barn sitt. Það kom skýrt fram í orðum viðmælenda okkar hverju mætti breyta og miðað við núverandi stöðu er það margt, meðal annars skortir meira samræmi milli atvinnu og fjölskyldulífs.

### **7.3 Samræmi milli atvinnu og fjölskyldulífs**

Allar mæðurnar töluðum um að oft væri erfitt að samræma atvinnu og fjölskyldulíf. Það virðist vera sem svo að þær mæður sem voru með meiri menntun og í hærri stöðu á atvinnumarkaði fundu fyrir meiri pressu þegar kom að því að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Sigríður var spurð hvernig gengi að samræma atvinnu og fjölskyldulíf, svar hennar var eftirfarandi:

...svo tók ég stundum vinnuna með mér heim sem þýddi þá að ég nýtti tímann illa með krökkunum, en ég lærði það fljótt að þau þurfa sína athygli og ég fór þá að minnka það að koma með pappíra heim.

Hér finnur Sigríður skörun milli heimilis og vinnu. Hún var farin að koma með vinnuna inn á heimilið, sem hún fann fljótt að átti ekki saman. Börnin hennar fundu ef til vill fyrir aukinni spennu, að móðir þeirra veitti þeim ekki næga athygli sem mögulega breyttist í togstreitu.

Kristín Ólafsdóttir hefur frá svipaðri reynslu að segja:

Ég þarf oft að dansa á þessari örþunnu línu sem er þarna á milli vinnu og heimilis. Það koma oft tímar sem ég þarf að vera á báðum stöðum í einu og báðir staðir krefjast þess að ég sé til staðar. Ég er oft til miðnættis á virkum dögum og á laugardögum í vinnunni að klára einhver mál sem mega ekki bíða og hérna eins og um bara daginn þá voru gríslingarnir báðir með ælupest og ég var föst í vinnunni með mikilvægt verkefni í höndunum og þá kemur upp sú tilfinning að ég sé að vanrækja börnin mín en get samt ekki staðið upp frá verkefninu ókláruðu. Ég er nú nánast minn eigin herra, en ég hef skyldum að gegna og ber mikla ábyrgð og oft er mjög erfitt að vera eins og ég, nánast einstæð og í vinnu sem krefst mikils tíma af mér.

Þessi orð viðmælanda voru kveikjan að heiti verkefnisins þar sem rannsakendum þóttu þau lýsa megininntaki rannsóknarinnar ágætlega. Hægt er að sjá á þessum orðum Kristínar að erfitt er að samræma atvinnu og fjölskyldulíf, sérstaklega þegar mæður gegna stjórnunarstöðum líkt og hún gerir. Þarna má einnig vekja athygli á að það sem gerir þetta ennþá erfiðara fyrir hana er að maki hennar er ekki alltaf til staðar þar sem hann vinnur erlendis. Margt bendir til þess að Kristín finni fyrir togstreitu milli atvinnu- og fjölskyldulíf þar sem ólík hlutverk hennar í lífinu skarast.

Þegar mæðurnar voru spurðar út í kosti og galla við að fara aftur út á vinnumarkað eftir fæðingarorlof voru þær allar sammála um að óvissa um dagvistun fyrir börn sín væri helsti gallinn. Þegar tal berst að ungbarnaleikskólum töluðu flestar mæðurnar um að þær héldu að stofnun þeirra væri frekar í þágu foreldranna sjálfra en barna.

Kristín Ólafsdóttir hafði eftirfarandi að segja um ungbarnaleikskóla:

Það væri algjör snilld fyrir okkur foreldrana en svo er spurning hvað sé hollast fyrir börnin. Ég er ekkert svo viss um það að Sóley hafi verið tilbúin þarna 6 mánaða að fara í leikskóla. Þetta er rosalegt álag fyrir börnin...

María Jónsdóttir var efins um hvort hún myndi nýta sér ungbarnaleikskóla:

já, ég er alveg til í að foreldrar hafi val um að senda barnið á leikskóla eftir fæðingarorlof eins og hugmyndir eru um, en já, það er spurning hvort ég myndi nýta mér þann kost, ég veit það ekki. Ég yrði rólegri ef stelpa væri á leikskóla, ég myndi vita að hann lokar alltaf klukkan fimm eða eitthvað svoleiðis og væri alltaf opinn. Þetta fer í sjálfum sér eftir hverjum og einum.

Sara hafði þetta að segja, en hún var ein af þeim mæðrum sem vildu lengra fæðingarorlof:

...gallarnir eru að ef maður fer að vinna þegar þau er svona lítil, að ef að þau eru of ung þá verða þau kannski frekar veik. Því ónæmiskerfið er ekki tilbúið. Þannig að það er kannski aðeins betra að bíða aðeins.

Kristín, María og Sara voru allar í vafa hvort börn þeirra væru tilbúin að fara á ungbarnaleikskóla strax að loknu fæðingarorlofi. Þær hugsuðu um hagsmuni barna sinna. Túlka má út frá orðum Maríu að hún treysti ekki dagforeldrakerfinu fullkomlega þar sem hún telji leikskóla traustari kost. Ósagt skal látið hvort hún telji þetta vegna sinna eigin hagsmuna, til dæmis með opnunartíma eða hagsmuna dóttur sinnar. Ekki er ólíklegt að hagsmunir mæðgnanna fari saman. Kristín kemur hreint fram, hún telur ungbarnaleikskóla vera mögulega lausn vandamála foreldra en dregur þó í efa ágæti þeirra á ung börn, en hún telur að dóttir hennar hafi ekki verið tilbúin til að fara í slíkan skóla. Sara veltir fyrir sér líkamlegum áhrifum leikskólavistar á ung börn og telur hún lengra fæðingarorlof lausn. Þegar önnur orð Söru eru borin saman við ofangreinda tilvitnun, þá er mögulegt að hún sé einnig að huga að eigin hagsmunum, með lengra fæðingarorlofi telur hún að ofnæmiskerfi barna styrkist sem veldur því að þegar foreldrar fari aftur út á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi sé ólíklegra að þeir þurfi að vera lengi frá vinnu vegna veikinda barna.

Allar mæðurnar í rannsókninni voru sammála um, að börn þeirra væru hugsanlega aðeins of ung þegar þau byrja í dagvistun og jafnvel ekki tilbúin tilfinningalega og líkamlega. Ein móðir talaði um að sér þætti leiðinlegt að missa af mikilvægum tíma í lífi

barns síns. Önnur móðir minntist á það hversu erfitt er að byrja aftur að vinna fullan vinnudag, bæði fyrir foreldrana og börnin. En dagvistun er líka vinna fyrir börnin og vill Hildur Guðjónsdóttir meina að það sé ef til vill enn meiri vinna fyrir ung börn. Dagarnir utan heimilis eru langir og í lok hvers dags eru allir orðnir þreyttir.

Hildur lýsir þessu eftirfarandi:

...það er erfiðara en ég bjóst við. Aðallega bara já eins og allir aðrir foreldrar örugglega sem eru að byrja í vinnunni að hafa börnin sín svona lengi í vistun og vera þreyttur þegar maður kemur heim á daginn og vera ekki fullur af orku til þess að gera allt sem maður þarf að gera .... þannig að sumu leyti finnst mér það já þínku erfitt. ... Þetta er í rauninni pressa frá sjálfri mér .... að standa mig fullkomlega í vinnunni og vera samt með tvö lítil krefjandi börn sem ég þarf líka að sinna.

Þetta virðist hafa mikil áhrif á Hildi, upplifun hennar af því að byrja að vinna aftur og reyna að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf tekur á. Hún setur á sig pressu til að þetta gangi sem best upp hjá henni því hún vill gera vel bæði í vinnu og heima hjá sér. Einnig veltir hún því upp að þetta virðist ganga mun betur upp hjá öllum öðrum í kring, en svo segir hún að hún viti að þetta sé bara glansmynd. Allir séu í svipuðum sporum, ráða má af orðum hennar að henni fyndist það huggun að vita af því.

Mæðurnar voru flestar sammála um að helstu kostir við að fara aftur til vinnu, væru að vera aftur innan um fullorðið fólk en ekki alltaf einar heima með lítið barn. Því næst voru mæðurnar spurðar hvernig þeim gengi að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf.

María Jónsdóttir svaraði:

Það er ekki hægt að vera á báðum stöðum í einu, það þarf að velja á milli og ég meinaða valið er erfitt en ég er ekki að segja að ég hafi valið vinnuna en ekki barnið mitt, það er eins og ég segi, ekki hægt að vera bæði heima og vilja gera vel þar á meðan mann langar líka til að vera í vinnunni og gera góða hluti vel þar líka.

Orð Maríu má segja að séu lýsandi fyrir alla viðmælendurna. Allar vilja þær gera vel á báðum stöðum en finnst það mjög krefjandi. Hægt er að túlka út frá orðum hennar að hún sé með samviskubit yfir þessu vali sem hún þarf að taka. Álykta má svo að kerfið búi til aukna togstreitu milli atvinnu- og fjölskyldulífs vegna þess að það kemur ekki nægilega til móts við þarfir foreldra þar sem engin opinber fjölskyldustefna er við lýði.

Þær mæður sem eru ekki sjálfs sín herrar í vinnunni áttu allar mjög skilningsríka vinnuveitendur og telja sig heppnar. Ein móðirin sagðist í gegnum tíðina hafa haft marga yfirmenn og þeir hafi ekki allir verið jafn skilningsríkir við starfsmenn sem áttu börn. Núverandi yfirmaður hennar lét hana vita af því að fyrstu mánuðir barns hjá dagmömmu gætu þýtt það að barn getur orðið veikt af og til. Hún ætti bara að vita af því og síðan upplýsti hann hana um að hún fengi veikindadaga barns hennar borgaða. Út frá því sem viðmælendur okkar sögðu væri hægt að draga þá ályktun að þetta góða viðhorf og stuðningur sem þær upplifðu frá vinnuveitendum hafi gert tímabilið bærilegra fyrir mæðurnar. Þær virtust ekki setja eins mikla pressu á sig eins og þessar tvær mæður sem voru upp á eigin spýtur í vinnunni og gegndu stjórnunarstöðum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að víða séu hindranir. Ein af viðmælendunum Sigríður Káradóttir, einstæð móðir, hafði misst vinnuna nokkrum dögum áður en viðtal fór fram en hún var hátt sett í stóru fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Sigríður sagði frá reynslu sinni af því að samtvinna atvinnu og fjölskyldulíf:

Bæði vinnan og fjölskyldan krefst vissra hluta af mér, sem ég þarf að sinna og oft getur þetta verið erfitt, að sameina þetta tvennt og ég tala ekki um núna á síðustu mánuðum sem ég hef verið ein með krakkana. Þetta er erfitt.

Ástæðan fyrir því að hún tók aðeins sex mánaða fæðingarorlof með yngra barnið sitt var að hún vildi ekki missa stöðu sína í vinnunni.



Sigríður sagði svo frá:

Ég hérna, leysti konu í vinnunni af þegar hún fór í barneignarleyfi eftir að ég átti Dísu sem varð síðan til þess að ég fékk hennar stöðu, hún hætti semsagt í fyrirtækinu og og þetta var mun betri staða en sú sem ég var í og já ég vildi vera viss um að ég gengi aftur í þá stöðu þegar ég kæmi aftur til vinnu ....

Síðar bætir hún við:

Æ, ég hljóma nú voðalega eigingjörn, ég hef heyrt svo margar sögur af konum sem hafa tekið langt fæðingarorlof og annað hvort ekki komið aftur til vinnu eða eru fluttar til í starfi þegar þær koma til baka. Ég hef reyndar verið að hugsa þetta um helgina og ég fékk ekki nein skýr svör af hverju mér var sagt upp og það hefur oft skotist upp í kollinn á mér hvort þetta hafi eitthvað að gera með að nú er ég skilin og orðin einstæð móðir með tvö börn og ég veit alveg að ég hef ekki verið alveg 100% en úff, hver er það svo sem eftir svona lagað.

Hér er Sigríður að ýja að misjafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði eftir fæðingarorlof, að konur séu ólíklegri til að snúa aftur til sinna fyrri starfa. Sigríður hefur frétt af konu sem sneri ekki aftur til vinnu eftir fæðingarorlof og einnig heyrt orðróm um að það sé orðið algengt. Greina má óöryggi í orðum Sigríðar þegar hún lýsir því af hverju hún tók ekki lengra fæðingarorlof, hún vildi vera viss um að ganga aftur í sína fyrri stöðu þegar fæðingarorlofi lyki. Einnig veltir hún því fyrir sér hvort hún hafi misst vinnuna vegna breyttra heimilisaðstæðna og sambúðarforms, en hún virðist upplifa mismunun.

Það er nokkuð ljóst af orðum viðmælanda að hindrunum þarf að fækka og helst útrýma. Sér í lagi þeirri hindrun sem skapast þegar mæður fara aftur út á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi. Það er ljóst að meiri samhæfingu vantar af hálfu sveitarfélaga og ríkisvaldsins til að veita mæðrum þann rétt að stunda atvinnu án þess að skörun verði milli tveggja ólíkra en samt sem áður samþættra þátta, atvinnu- og fjölskyldulífs. Mæðurnar voru meðvitaðar um áhrif leikskólardvalar á ung börn og efuðust margar þeirra um ágæti

ungbarnaleikskóla fyrir börn sín strax að loknu fæðingarorlofi. Því má ætla að fín lína sé á milli hagsmuna mæðra og barna.

## 8 Niðurlag

Þessum kafla er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta, *samantekt*, verður rannsóknarspurningum sem settar voru fram í byrjun, svarað. Í öðrum hluta, *umræður*, verða niðurstöður ofangreindar rannsóknar speglaðar í ljósi fræðanna. Í þriðja hluta, *lærdómur*, munu rannsakendur draga fram þann lærdóm sem verkefnið í heild sinni getur haft. Í fjórða hluta verður verkefninu gerð endanleg skil með *lokaorðum*.

### 8.1 Samantekt á niðurstöðum rannsóknar

Rannsóknarspurningarnar sem lagðar voru fram í upphafi verkefnis voru tvíþættar. Önnur spurningin var: *Hver er upplifun og reynsla mæðra af fæðingarorlofi og foreldrahlutverkinu?* Niðurstöður leiddu í ljós að mæðurnar áttu það allar sameiginlegt að þykja móðurhlutverkið krefjandi og oft erfitt en jafnframt gefandi og skemmtilegt. Jafnan skiptist á skin og skúrir og er hlutverkið ekki eins og þær höfðu búist við. Þær rákust á margar hindranir af hálfu kerfisins, samanber lengd fæðingarorlofs, skiptingu þess á milli foreldra og launagreiðslur.

Hin spurningin var: *Hvernig reyndist viðmælendum að brúa bilið frá fæðingarorlofi og að leikskólaaldri barna sinna?* Mæðurnar töluðu um að samvinna við maka og aðra fjölskyldumeðlimi væri nauðsynleg til að þær fengju frelsi eða aukið svigrúm til vinnu. Flestar mæðurnar vildu lengra fæðingarorlof en þó voru nokkrar, sér í lagi þær sem voru með meiri menntun og í hærri stöðum, sem vildu komast sem fyrst út á vinnumarkaðinn aftur. Mæðurnar töluðu allar um að erfitt og jafnvel ógerlegt væri að brúa það bil sem skapast í dagvistarmálum að loknu fæðingarorlofi og að leikskólaaldri barna þeirra. Það að hafa ekki dagvistunarræði setti mæðurnar í klemmu þegar þær voru á leið aftur út á vinnumarkað eftir barneignarleyfi. Þegar mæðurnar voru spurðar hvernig þeim gengi að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf voru svörin á einn veg. Þeim þótti öllum á einhverjum tímapunkti, sér í lagi áður en börnin komust inn á leikskóla, erfitt að samræma þetta tvennt, atvinnu- og fjölskyldulíf. Erfiðleikar komu í ljós hjá öllum viðmælendum en ekki hvað síst hjá þeim sem höfðu meiri menntun og gegndu hærri stöðum innan sinna fyrirtækja. Allar mæðurnar töluðu um að hafa ekki trú að því hversu erfitt væri að fá

dagvistun fyrir börn sín fyrr en á reyndi. Þær sóttu allar um hjá dagforeldri þegar börnin þeirra voru aðeins nokkurra vikna gömul, sumar fengu pláss meðan aðrar þurftu að leita annarra leiða hjá einkareknum leikskólum eða að aðrir fjölskyldumeðlimir önnuðust börnin. Yfirmenn viðmælanda sýndu allir skilning á aðstæðum mæðranna og voru mjög liðlegir. Nokkrir viðmælendur voru sínir eigin yfirmenn en þær upplifðu meiri togstreitu milli atvinnu- og fjölskyldulífs en aðrir viðmælendur. Í lok viðtals voru viðmælendur spurðar út í framtíðina og hvaða breytingar þær vildu sjá varðandi dagvistunarmál á Íslandi. Flestar voru óánægðar með dagforeldrakerfið, það þjónaði ekki hagsmunum þeirra og mjög erfitt væri að finna dagforeldri sem þær treystu og var með laust pláss. Mæðurnar voru allar sammála um að breyta þyrfti núverandi kerfi. Flestar vildu að fæðingarorlof foreldra yrði lengt og í framhaldi færu börnin á ungbarnaleikskóla. Þær töldu allar að stofnun ungbarnaleikskóla væri besta lausnin fyrir sig. Með þeim væri öruggt að börnin þeirra fengju pláss strax og þær fara aftur út á vinnumarkað, þeir skapi atvinnuöryggi sem og aukið öryggi fyrir börnin. Mæðurnar höfðu þó efasemdir um áhrif ungbarnaleikskóla á börn sín, margar höfðu áhyggjur af aldri barnanna þegar leikskólaganga hefst sem og óvörðu ónæmiskerfi. Þær töluðu flestar ef ekki allar um að hagur þeirra væri meiri af ungbarnaleikskólum heldur en barna þeirra.

## 8.2 Umræður

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að árekstrar milli fjölskyldu og atvinnulífs eru algengari hér á landi en annarstaðar. Raunveruleikinn er sá að á Íslandi þrengir vinnan meira að heimilunum og foreldrar verja bróðurparti af deginum í vinnu, sem getur leitt til þess að lífsgæði verða minni (Kolbein H. Stefánssonar, 2008). Eitt af helstu baráttumálum verkalýðsfélaga er að samræma atvinnu og heimilislíf, Maríana Traustadóttir (2013) telur að „óvissa um dagvistun ungbarna eftir að fæðingarorlofi lýkur getur haft áhrif á gæði fjölskyldulífs“. Þegar við berum saman fræðin og orð mæðranna í rannsókninni fundu þær allar fyrir ákveðinni togstreitu milli atvinnu- og fjölskyldulífs, sér í lagi frá lokum fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna sinna. Rannsóknir, bæði innlendar og erlendar sýna fram á að mikil togstreita milli vinnu og fjölskyldu getur haft neikvæð áhrif á starfsánægju, ánægju innan fjölskyldunnar og almenna lífsánægju (Auður Arnardóttir, Leifur Hafsteinsson og Sturla Hreinsson, 2007). Að ganga ekki að dagvistunarplássi sem

vísu getur skapað aukna spennu sem mögulega verður að togstreitu fyrir mæður þegar þær fara aftur út á vinnumarkað, líkt og viðmælendur bentu á.

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi félagslegs stuðnings, stuðnings samstarfsmanna, maka og annarra fjölskyldumeðlima (Erna Kristín Ernudóttir, 2013). Allar mæðurnar sem rætt var við töluðu um mikilvægi fjölskyldunnar og þeirrar hjálpar sem af henni hlýst og töluðu nokkrar um að án fjölskyldunnar væru þær ekki í því starfi sem þær eru í. Þegar kemur að vinnumarkaði geta réttindi líkt og fæðingarorlof sem tryggja konum talsverðan tíma frá vinnu, valdið því að vinnuveitendur takmarki þau störf sem konur geta unnið þannig að þær vinni aðeins við þau störf sem eru ekki kostnaðarsöm fyrir fyrirtækin þegar þær fara í fæðingarorlof. Konur eru líklegri en karlar til að finna fyrir óvissu um starfsöryggi sitt við töku á fæðingarorlofi og þær telja líklegt að það hafi áhrif á atvinnuþátttöku þeirra, en líklegra er að annar komi inn í stöðu kvenna þegar þær fara í fæðingarorlof heldur en í stöðu karla (Bryndís Jónsdóttir, 2007). Þetta samræmist upplifun einnar móðurinnar sem rætt var við. Hún tók aðeins sex mánaða fæðingarorlof með seinna barn sitt vegna þess að hún vildi ganga að stöðu sinni vísri. Hún sagðist ennfremur hafa heyrt margar sögur af konum sem höfðu annað hvort hætt í fyrirtækinu sem þær störfuðu hjá eða voru fluttar til í starfi. Þeir viðmælendur sem voru sjálfs síns herrar eða yfirmenn fundu sig knúna til að mæta aftur til starfa fljótlega eftir fæðingarorlof. Þessir sömu viðmælendur vildu ekki lengja fæðingarorlof foreldra. Lögum samkvæmt skal tryggja börnum dagvistunarpláss svo foreldrar geta samræmt vinnu og fjölskyldulíf (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Lög 95/2000).

Niðurstöður rannsóknarinnar sem þetta lokaverkefni byggir á, sýndu fram á að öllum mæðrunum nema einni þótti erfitt að finna dagvistarúrræði fyrir börn sín og þurftu einhverjar að leita lengi að úrræðum. Allar mæðurnar, nema ein, fengu dagvistarúrræði fyrir börn sín áður en þær héldu til vinnu að loknu fæðingarorlofi. Tölur frá Hagstofu Íslands (2013) sýna að ekki er nægur fjöldi starfandi dagforeldra til að sinna eftirspurn eftir dagvistun. Kerfið kemur ekki nægjanlega til móts við þarfir foreldra. Mæðurnar lýstu flestar yfir einhverri óánægju með sína dagforeldra og vilja þær að kerfið bjóði upp á ungbarnaleikskóla en fræðin sýna að allflestir foreldrar telja leikskóla betri menntunarkost fyrir börn sín og velja þann kost frekar en vist hjá dagforeldrum eða ættingjum (Arna H. Jónsdóttir o.fl., 2013).

Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (e.d.) segir að foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns beri að gera það sem börnum er fyrir bestu. Þar segir jafnframt að tryggja eigi velferð þeirra með bestu umönnun og öryggi sem kostur er á. Mæðurnar töluðu um að öryggi barna þeirra yrði betur tryggt með ungbarnaleikskólum, þar sem meira eftirlit væri með starfsemi þeirra og fleiri starfsmenn væru að sinna börnunum. Þó töldu þær flestar að dagvistarúrræði strax að loknu fæðingarorlof hefði meiri áhrif á börnin þeirra heldur en þær sjálfar og töluðu flestar um aukin veikindi og minni tíma með fjölskyldu. Með því að senda ung börn á leikskóla er mögulega verið að veða að hagsmunum þeirra, með lengd viðveru, minni tíma með foreldrum, aukinni streitu og álagi sem og aukinni hættu á mörgum líkamlegum kvillum svo sem asma (Arna H. Jónsdóttir, 2012; Dagvistun barna getur aukið tíðni asmatilfella, 1996, 13. apríl).

Viðmælendur voru sammála um að hagur þeirra af ungbarnaleikskólum væri meiri en hagur barna þeirra. Ungbarnaleikskólar væru því í þágu foreldra en ef til vill ekki barna þeirra líkt og kemur fyrir í svörum hagsmunaaðila beggja hópa í svari við þingsályktunartillögu, þar sem metnir voru kostir þess að bjóða upp á ungbarnaleikskóla strax að loknu fæðingarorlofi (Þingskjal nr. 96/2013).

Framangreindar vangaveltur, ýmissa hagsmunahópa um stofnun ríkisvæddra ungbarnaleikskóla og hagsmuni ungra barna af þeim, ganga líklega gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar ber aðildarríkjum sambandsins að tryggja vinnandi foreldrum þjónustu til umönnunar barna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Hagsmunaaðilar voru á báðum áttum um hvort hugmyndin um ungbarnaleikskóla væri framkvæmanleg og gerleg ungum börnum. Ljóst er að fagmenntað fólk innan leikskóla er af skörnum skammti. Rýr aðsókn hefur verið í leikskólakennaranám sem veitir lögverndað starfsheiti sem gerir hugmyndina um ríkisvædda ungbarnaleikskóla fjarlægari vegna reglugerðar um barngildi. Að sérmenntað starfsfólk sé ekki til staðar innan leikskóla er ekki ný til komið, þar sem þessi vandi hefur verið viðvarandi í nokkra áratugi. Foreldrar hafa staðið í harðri baráttu við aukinni menntun starfsfólks á leikskóla en án árangurs (Erla Þórðardóttir, 1985).

### 8.3 Lærdómar

Það sem rannsakendum er efst í huga á þessum tímapunkti er hversu litlum fjármunum er varið til jafn mikilvægs málefnis og þess hóps sem barnafjölskyldur eru. Við skulum ekki láta okkur nægja að vera upplýst um öll heimsins vandamál, við skulum gera eitthvað í þeim, við ættum að leita leiða til að tryggja velferð barna um leið og við stuðlum að jafnrétti milli karla og kvenna, hvort sem það er á vinnumarkaði, innan heimilis eða í öðrum hlutverkum lífsins.

Rannsakendur velta fyrir sér hvað veldur því að kerfið, velferðarkerfi eða önnur kerfi samfélagsins séu ef til vill mörgum árum, jafnvel áratugum, á eftir þróun samfélagsins. Það eru ekki ný tíðindi að konur eru nánast jafnvirkar á vinnumarkaði og karlar en samt sem áður hafa dagvistarúrræði fyrir börn staðið nánast í stað í tæp þrjátíu ár. Ef af stofnun ungbarnaleikskóla verður, væru foreldrar þá tilbúnir að greiða jafnháa eða jafnvel hærra upphæð fyrir dagvistun barna sinna þar og hjá dagforeldrum? Er eitthvað sem við gætum tileinkað okkur af því sem gert er á Norðurlöndunum?

Miður þykir að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði er komið jafn skammt á veg og raun ber vitni, en frásögn Sigríðar er okkur hugleikin þar sem hún hefur upplifað að konur gangi ekki að starfi sínu vísu, eftir fæðingarorlof eða eru jafnvel reknar úr starfi vegna sambúðarforms. Allar mæðurnar í rannsókninni voru gagnrýnar á dagforeldrakerfið og vildu um helmingur mæðranna lengra fæðingarorlof. Við veltum því fyrir okkur hvort að mæðurnar sóttust eftir lengra fæðingarorlofi til að komast hjá því að leita til dagforeldris.

Okkur ber sú skylda að líta gagnrýnum augum bæði á fræðin sem og kerfið hvort sem okkur líkar sú niðurstaða sem við fáum eða ekki. Álykta má út frá niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar að mæður finni fyrir togstreitu þegar þær halda aftur út á vinnumarkað eftir fæðingarorlof, vegna óvissu um dagvistunarmál fyrir börn sín. Hæglega væri hægt að koma í veg fyrir þá togstreitu sem mæðurnar finna fyrir ef að sveitarfélög væru með heildstæða fjölskyldustefnu sem styrkti fjölskyldur í að samtvinna atvinnu- og fjölskyldulíf. Að brúa bilið milli loka fæðingarorlofs og að leikskólaaldri barna væri byrjunin.

#### 8.4 Lokaorð

Það þótti eðlilegt og sjálfsagt á tíma iðnbyltingar að konur væru heimavinnandi húsmæður, ómenntaðar og með lítið sem ekkert fé á milli handanna.

Í dag er lítið á slíka þvingun sem mannréttindabrot, mannréttindum til frelsis og athafna, jafnvel þó að mæður séu enn þann daginn í dag helsti ummönnunaraðili barna sinna og sinni heimilisverkum í meira mæli en feður.

Ýmsir vankantar virðast vera á velferðarkerfi Íslendinga, sér í lagi kerfinu sem á að bera hag foreldra og barna fyrir brjósti. Fjölhuggja er orðin viðurkennd í dag, sú hugmynd að margir aðilar komi að uppeldi hvers barns. Með því er réttur foreldra gagnvart opinberum aðilum orðin umtalsverður. Ekki er hægt að alhæfa um að íslenska ríkið brjóti á mannréttindum foreldra með því að bjóða ekki upp á dagvistarúrræði strax að loknu fæðingarorlofi. Þó er hægt að draga þá ályktun að með því að bjóða ekki upp á slík dagvistarúrræði sé verið að skerða frelsi mæðra til að stunda þá atvinnu og gegna þeim stöðum sem þær vilja og hafa jafnvel menntað sig til, þar sem konum ber skylda til fæðingarorlofstöku. Ennfremur má segja að unnið sé beint gegn jafnri stöðu kynjanna sem verður að teljast einkennilegt því á sama tíma er Ísland talið skara framúr í janfnréttisbaráttunni á alþjóðavísu. Barneignir eiga ekki að standa í vegi fyrir starfsframa kvenna en ljóst er að meiri samhæfingu vantar á milli ýmissa stofnana kerfisins hvað dagvistarúrræði varðar. Mögulegt er að dagvistunarúrræði strax að loknu fæðingarorlofi geti dregið úr togstreitu foreldra við að finna dagvistun fyrir börn sín, því er það hagur allra aðila að brúa þetta bil. Hvort stofnun ung barnaleikskóla eða annarra dagvistunarúrræða strax að loknu fæðingarorlofi er raunhæfur kostur skal ósagt látið. Við vonumst til að niðurstöður rannsóknar okkar skapi grundvöll fyrir frekari rannsóknir á þessu sviði sem gætu mögulega leitt til breytinga í framtíðinni. Áhugavert væri að skoða hvort sambúðarform hafi áhrif á starfsframa mæðra og hvaða þjónustu væri hægt að bjóða upp á, án þess að hagsmunir foreldra og barna skarist.



## Heimildaskrá

Ahnert, L. og Lamb, M. E. (2011). Child care and its impact on young children (2-5) (endurskoðuð útgáfa) Í R.E. Tremblay, M. Boivin, R. DeV. Peters og R. G. Barr (ritstjórar), *Encyclopedia on Early Childhood Development* (bls. 1-6) [netútgáfa]. Montreal, Quebec: Centre of Excellence for Early Childhood Development. Sótt 8. mars 2014 af <http://www.childencyclopedia.com/documents/Ahnert-LambANGxp2.pdf>

Ahnert, L., Gunnar, M. R., Lamb, M. E. og Barthel, M. (2004). Transition to child care: Associations with infant-mother attachment, infant negative emotion, and cortisol elevations. *Child Development*, 75(3), bls. 639-650.

Alda Birgisdóttir, Bjarni Þjóðleifsson, Cook, E., Davíð Gíslason, Hulda Ásbjörnsdóttir, Ísleifur Ólafsson, Jansson, C., Rúna B. Sigurjónsdóttir og Signý V. Sveinsdóttir. (2006). Algengi IgG mót efna gegn *Toxoplasma gondii*, *Helicobacter pylori* og lifrabólguveiru A á Íslandi. Tengsl við ofnæmi og lungnaeinkenni. *Læknablaðið*, 92 (6), bls. 437-444. Sótt af <http://www.laeknabladid.is/2006/06/nr/2426>

Arna H. Jónsdóttir. (2012). *Professional roles, leadership and identities of Icelandic preschool teachers: Perceptions of stakeholders* (óbirt doktorsritgerð). Institute of Education, University of London. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13199>

Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Leikskólabyrjun og lengd dvalartíma. Sjónarmið leikskólakennara og leiðbeinanda. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2013 - Rannsóknir og skólastarf*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf)

Auður Arna Arnardóttir, Leifur Geir Hafsteinsson, Sturla Jóhann Hreinsson. (2007). *Auðgun og togstreita milli fjölskyldu og starfs*. Í Ingjalður Hannibalsson (ritstjóri), Rannsóknir í félagsvísindum VII (bls. 51-66). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna (e.d.). Barnasáttmálinn. Sótt af <http://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Bohlin, G., Hagekull, B. og Andersson, K. (2005). Behavioral inhibition as a precursor of peer social competence in early school age: The interplay with attachment and nonparental care. *Journal of Developmental Psychology*, 51, bls. 1-19.

Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research a practical guide for beginners*. London: Sage Publications.

Bryndís Jónsdóttir. (2007). Upplifun foreldra á fæðingarorlofi. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskipta og hagfræðideild.

Dagvistun barna getur aukið tíðni asmatilfella. (1996, 13. apríl). *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/259608/>

Elín Pálsdóttir Flygenring. (1985). Lög og aðrar réttarheimildir er varða konur. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* ( bls. 29-48). Reykjavík: Jafnréttisráð.

Erla Þórðardóttir. (1985). Félagslegar aðstæður kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 117-148). Reykjavík: Jafnréttisráð.

Erna Kristín Ernudóttir. (2013). „Að koma aftur á vinnustaðinn er eins og að koma aftur heim“. Óbirt meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík.

Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.

Eva Bjarnadóttir og Eygló Árnadóttir. (2011). Konur í kreppu? Sótt af [http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Konur\\_i\\_kreppu\\_22032011.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Konur_i_kreppu_22032011.pdf)

Félagsmálaráðuneytið. (2001). *Könnun fjölskylduráðs á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga til málefna fjölskyldunnar*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið

Fríða Björk Pálsdóttir. (1985). Menntun kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 49-76). Reykjavík: Jafnréttisráð.

Fríða Rós Valdimarsdóttir. (2005). *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna*. Akureyri: Jafnréttisstofa

Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson. (2003). *Social and family policy, the case of Iceland*. Sótt af [http://www.academia.edu/2074973/Gudny\\_Bjork\\_Eydal\\_and\\_Stefan\\_Olafsson\\_Social\\_and\\_family\\_policy\\_the\\_case\\_of\\_Iceland](http://www.academia.edu/2074973/Gudny_Bjork_Eydal_and_Stefan_Olafsson_Social_and_family_policy_the_case_of_Iceland)

Guðný Björk Eydal. (2000). Fæðingarorlof og dagvist: Íslensk fjölskyldustefna í 50 ár. Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum III* (bls. 433-446). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðrún Friðgeirsdóttir. (1996). Geðtengsl í frumbersku. *Uppeldi, 9 (1)* bls 17-20.

Guðrún Guðmundsdóttir. (1985). Atvinna og laun kvenna. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 77-116). Reykjavík: Jafnréttisráð.

Hagstofa Íslands. (e.d). Leikskólar. Sótt af

<http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Leikskolar>

Hagstofa Íslands. (2013). Atvinnupátttaka á 2. ársfjórðungi 2013. Sótt af

<http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9333>

Hagstofa Íslands. (2013). Mannfjöldi eftir sveitafélagi, kyni og aldri 1. desember 1997-2013. Sótt af

<http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN09000%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1997%2D2013+%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Háskóli Íslands. (e.d.). Heildarskráning nemenda í Háskóla Íslands frá upphafi. Sótt af

[http://www.hi.is/adalvefur/heildarskraning\\_nemenda\\_i\\_haskola\\_islands\\_fra\\_upphafi\\_0](http://www.hi.is/adalvefur/heildarskraning_nemenda_i_haskola_islands_fra_upphafi_0)

Háskóli Íslands. (2003, 7. nóvember). Siðareglur Háskóla Íslands.

Hein, C. (2005). *Reconciling work and family responsibilities*. Practical ideas from global experience. Geneva: International Labour Organization.

Jónína Margrét Guðnadóttir. (1985). Kvennaár og kvennaáratugur 1975-1985: sögulegt yfirlit. Í Jónína Margrét Guðnadóttir (ritstjóri), *Konur hvað nú?* (bls. 13-28). Reykjavík: Jafnréttisráð.

Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla. Um þróun leikskóla á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofa Háskóla Íslands.

Klaus Munch Haagensen (ritstj.). (2013). *Nordic Statistical Yearbook 2013* sótt af  
[file:///Users/Drifa/Downloads/2013-001%20NSaa%202013%20web%20\(1\).pdf](file:///Users/Drifa/Downloads/2013-001%20NSaa%202013%20web%20(1).pdf)

Kolbeinn H. Stefánsson. (2008). *Samspil vinnu og heimilis, álag og árekstrar*. Sótt af  
[http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/working\\_paper\\_of\\_chapter\\_4.pdf](http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/working_paper_of_chapter_4.pdf)

Leaptrott, J og McDonald J.M. (e.d.). *The conflict between work and family roles: the effects on managers' reliance on information sources in dealing with significant workplace events*. Sótt 7. mars 2014 af  
<http://www.aabri.com/manuscripts/09356.pdf>

Lena Rut Birgisdóttir. (2011). *Að halda í karlmennskuna*. Sótt af  
[http://skemman.is/stream/get/1946/9961/24901/1/MA\\_ritger%C3%B0\\_LRB.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/9961/24901/1/MA_ritger%C3%B0_LRB.pdf).

Lög um breytingar á lögum um foreldra- og fæðingarorlof, með síðari breytingum nr. 143/2012

Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000

Neuman, W.L. (2011). *Social research methods, qualitative and quantitative approaches*. Boston: Pearson Education.

Norden. (e.d.). Barnagæsla í Svíþjóð. Sótt 1. apríl 2014 af  
<http://www.norden.org/is/nordurloend-fyrir-thig/boern-og-familie-i-norden/boern-og-familie-i-sverige/barnagaesla-i-svithjod>

OECD. (2011). *Doing better for families*. Sótt af [http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/social-issues-migration-health/doing-better-for-families\\_9789264098732-en#page32](http://www.keepeek.com/Digital-Asset-Management/oecd/social-issues-migration-health/doing-better-for-families_9789264098732-en#page32)

Ondrich, J., Spiess, C. K., Yang, Q., & Wagner, G. (2003). The Liberations of Maternity Leave Policy and the Return to Work after Childbirth in Germany. *Review of Economics of the Household*, (bls. 77-110).

Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Reykjavík. (e.d.). *Dagforeldrar í Reykjavík*. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/dagforeldrar-i-reykjavik>

Reykjavíkurborg: Skóla- og frístundarsvið. (2012). *Viðhorf Dagforeldra 2012*. Sótt af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/dagforeldrarkonnun2012\\_0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/dagforeldrarkonnun2012_0.pdf)

Ruhm, C. J. (2000). Parental leave and child health. *Journal of Health Economics*, 931-960.

Ruhm, C. J. (1998). The Economic Consequences of Parental Leave Mandates: Lessons from Europe. *The Quarterly Journal of Economics*, 113, 285-317.

Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls 161-181). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurður Pálsson. (1987). *Uppeldisréttur – Uppeldisskylda*. Reykjavík; Menntamálaráðuneytið.

Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: a guidebook and resource*. (3.útgáfa). New York: John Wiley and Sons.

Vísindasiðanefnd (e.d.). Upplýst samþykki. Sótt af

<http://www.vsn.is/is/content/uppl%C3%BDst-sam%C3%BEykki-0>

Vandell, D. L., Belsky, I. J., Burchinal, M., Steinberg, I. L. og Vandergrift, N. (2010). Do effects of early child care extend to age 15 years? Results from the NICHD study of early child care and youth development. *Child Development*, 81(3), 737-756.

Velferðarráðuneytið. (2013). *Jafnréttisþing 2013*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið

Vinnumálastofnun. (2010). *Samantekt yfir tölulegar upplýsingar Fæðingarorlofssjóðs 2001-2009*. Sótt af [http://www.faedingarorlof.is/files/Sk%FDrsla%20-%20T%F6lulegar%20uppl%FDsingar%20F%E6%F0ingarorlofs\\_sj%F3%F0s%20fr%E1%202001-2009\\_587989908.pdf](http://www.faedingarorlof.is/files/Sk%FDrsla%20-%20T%F6lulegar%20uppl%FDsingar%20F%E6%F0ingarorlofs_sj%F3%F0s%20fr%E1%202001-2009_587989908.pdf)

Þingskjal nr. 96/2013. *Um leikskóla að loknu fæðingarorlofi*. Alþingistíðindi A-deild.

Þingskjal nr. 96/2013 – Svar Maríönnu Traustadóttur fyrir hönd ASÍ við þingsályktunartillögu um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Þingskjal nr. 1230 /1997. Þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Alþingistíðindi A-deild.